



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

ISBN 978-9935-436-42-9

© 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneytið

1. útgáfa ágúst 2014
uppfærð ágúst 2015
uppfærð mars 2018
Uppfærð maí 2021

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Umsjón: Menntamálastofnun

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	4
Öryggishandbók leikskóla	8
1 Lög, reglugerðir og námskrár sem gilda um leikskóla	9
2 Velferð barna og ungmenna	10
2.1 Sýn skólans á velferð	10
2.2 Forvarnir	13
2.3 Réttur barna	13
2.4 Tilkynningaskylda til barnaverndarnefnda	14
2.5 Skólabragur	14
2.6 Starf skóla gegn ofbeldi	15
2.6.1 Leikskólinn	15
2.6.2 Grunnskólinn	15
3 Netöryggi	16
4 Slysavarnir og líkamlegt öryggi	17
4.1 Forvarnir og fræðsla	17
4.1.1 Fræðsla starfsfólks um öryggismál	17
Það sem þarf að hafa í huga fyrir alla starfsmenn er meðal annars:	17
Fyrir nýja starfsmenn þarf sérstaklega að huga að:	17
4.2 Öryggisferlar og viðbragðsáætlanir	18
4.2.1 Hlutverk og ábyrgð	18
4.2.2 Reglubundnar æfingar á viðbragðsáætlunum	18
4.2.3 Tegundir viðbragðsáætlana	18
4.2.4 Grunnupplýsingar um barn vegna slysa og bráðaveikinda	18
Nauðsynlegar grunnupplýsingar um barn vegna slysa og bráðaveikinda	19
4.3 Sjúkrakassi	19
4.3.1 Notkunarreglur sjúkrakassa	19
4.3.2 Listi yfir innihald sjúkrakassa	20
5 Öryggi í námsumhverfi	21
5.1 Fyrirbyggjandi aðgerðir	21
5.1.1 Starfsmenn	21
5.1.2 Hljóðvist	21
5.1.3 Rödd og raddvernd	21
5.1.4 Matmálstímar	21
5.1.5 Heitir drykkir	22
5.1.6 Húsgögn	22

5.1.7	Hurðir, hurðapumpur og klemmuvarnir	22
5.1.8	Fataherbergi	23
5.1.9	Upplýsingatöflur	23
5.1.10	Purrskápar	23
5.1.11	Bekkir	23
5.1.12	Opnanleg fög	23
5.1.13	Gluggakistur	24
5.1.14	Gardínubönd	24
5.1.15	Miðstöðvarofnar, rafmagnsofnar, blöndunartæki og heitt vatn	24
5.1.16	Stigar og tröppur	24
5.1.17	Salerni, handlaugar og skiptiborðsaðstaða	24
5.1.18	Speglar og myndir	25
5.1.19	Eldhús	25
5.1.20	Eiturefni og eitraðar plöntur	25
5.1.21	Rafmagnsöryggi	25
5.1.22	Kerti og eldfim efni	25
5.1.23	Íþróttasalir/hreyfirými	26
	Hafa skal í huga:	26
5.2	Námsgögn og leikföng	26
5.2.1	CE merkingar	26
5.2.2	Leikföng fyrir 0-3 ára	27
5.3	Kokhólkur	27
5.4	Nokkur atriði til athugunar við innkaup á leikföngum	27
5.4.1	Leikföng og annað að heiman	28
5.4.2	Trampólín	28
5.4.3	Holukubbar	28
5.5	Námsumhverfi úti	28
	Hafa skal í huga:	28
5.5.1	Lýsing	29
5.5.2	Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járn	29
5.5.3	Ruslaskýli, tunnur og gámar	29
5.5.4	Hjólastandar	29
5.5.5	Umferð og bílastæði við skólalóð	29
5.5.6	Göngustígar og gangstéttir	29
	Niðurföll á göngustígum/gangstéttum eiga að vera	29
5.5.7	Tröppur, rampar og handrið	30
5.5.8	Hálka	30
5.5.9	Leikvallatæki	30
6	Eftirlit	31
6.1	Innra eftirlit	31
6.1.1	Eftirlit starfsmanna	31
	Eftirfarandi atriði þyrfti að skoða:	32
7	Öryggi í ferðum á vegum leikskóla	33

7.1	Strætisvagna- og rútuferðir	33
7.2	Bátsferðir	33
7.3	Sundferðir	34
7.4	Akstur með börn í bílum starfsmanna	34
8	Slys	35
8.1	Að hefja skyndihjálp og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur	35
	Hafa ber í huga að:	35
8.2	Að koma ró á svæðið – Hinn slasaði gengur alltaf fyrir	35
8.3	Fyrstur á slysstað	35
8.4	Fjögur skref skyndihjálpar	36
8.5	Greiningarstig áverka	36
8.6	Hringt á sjúkrabíl og sjúkrakassi sóttur	36
8.7	Hvernig á að hringja í Neyðarlínuna - 112	36
8.8	Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað	37
8.9	Tilkynning til foreldra um slys á barni	37
8.9.1	Slys sem ekki eru talin lífshættuleg	38
	Símtalið	38
8.9.2	Lífshættulegt ástand	38
8.10	Eftir slys	38
8.10.1	Skráning slysa í leikskólum	38
8.10.2	Hvenær á að skrá slys í leikskóla?	38
8.10.3	Að hverju þarf að gæta þegar skráð er?	39
8.10.4	Undirritun foreldra á slysaskráningarblaðið og afrit af því	39
8.10.5	Hvað er gert við slysaskráningarblöðin?	39
8.11	Lögregluskýrsla	39
8.11.1	Slys á börnum sem gera skal lögregluskýrslu um:	40
8.12	Endurskoðun öryggismála eftir slys	40
8.13	Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys	41
8.13.1	Foreldraráð og foreldrafélag	41
8.14	Tilkynning á slysi - Hvert ber að tilkynna?	41
8.14.1	Tilkynning til rekstraraðila	41
8.14.2	Heilbrigðiseftirlit	41
8.14.3	Tilkynningar til tryggingafélaga	42
9	Almannavarnir og eldvarnir	43
9.1	Rýming	43
9.2	Eldvarnir	44
	Eftirfarandi atriði eiga að vera til staðar og í lagi:	44
9.3	Náttúruvá	44
9.3.1	Loftgæði og svifryk	44
	Það sem getur leitt til aukins styrks svifryks er t.d.:	44
9.3.2	Eldingar	44
9.3.3	Fárviðri	44

9.3.4	Jökulhlaup	45
9.3.5	Flóðbylgjur	45
10	Áhugavert lesefni og viðaukar	46
10.1	Áhugavert lesefni	46
10.2	Viðaukar	46
10.3	Tillaga að gátlista fyrir deildarstjóra vegna eineltismáls	47
10.4	Tillaga að viðbrögðum og vinnuferli starfsfólks leikskóla við samskiptavanda og einelti	48
10.5	Tillaga að skráningu á úrvinnslu eineltismála	49
10.6	Grunnur að matsblaði á námi og starfi – Kennarar	50
10.7	Grunnur að matsblaði á námi og starfi - Allir starfsmenn	51
10.8	Grunnur að matsblaði á námi og starfi - Foreldrar	52
10.9	Grunnur að samtali kennara og nemenda um aðstæður í skólanum	53
10.10	Tillaga að skipulagi við undirbúning ferða á vegum leikskóla	54
10.11	Tillaga að verklagi við strætisvagnaferðir	55
10.12	Tillaga að slysaskráningarblaði fyrir leikskóla	56
10.13	Tillaga að verklagsreglum sveitarfélaga um tilkynningu til foreldra vegna alvarlegra eða lífshættulegra slysa á börnum	57
10.14	Tillaga að eyðublaði vegna grunnupplýsinga um barn vegna slysa og bráðaveikinda	58
10.15	Tillaga að gátlista um aðgerðaáætlun gegn ofbeldi, einelti og kynferðislegu áreiti	59
10.16	Viðbragðsáætlun – Viðbrögð við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum og fl.	60
10.17	Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir – Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum.	60

Öryggishandbók leikskóla

Handbókin er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Herdísar Storgaard og Þorláks Helga Þorlákssonar með stoð í [lögum um leikskóla nr. 90/2008](#) og [reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009](#). Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum. Leiðbeiningar þessar skulu grundvallaðar á gildandi lögum og reglugerðum um öryggis- skipulags- og byggingarmál og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla, sbr. [lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum](#). Leiðbeiningar þessar skulu staðfestar af sveitarstjórn sem jafnframt skal sjá um að þær séu aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans eða sveitarfélagsins eða með öðrum hætti og kynntar í skólasamfélaginu. Sambandi íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneyti ber að móta leiðbeiningar um gerð slíkrar handbókar. Handbókin er mun ítarlegri en reglugerðin segir til um og er það gert til að auðvelda sveitarfélögum og skólum að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Handbókin er ætluð sveitarstjórnnum, rekstraraðilum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem starfa í leikskólum til stuðnings við gerð öryggishandbókar, öryggisáætlana og viðbragðsáætlana fyrir leikskóla. Handbókina má nýta í heild sinni eða nýta þá þætti sem henta hverju sinni. Mikilvægt er að í öryggishandbók fyrir starfsfólk leikskóla sé tæpt á öllum þeim þáttum sem koma fram í handbók þessari.

Handbókin er fyrst og fremst ætluð sem uppflettirit til að auðvelda notendum að fylgja eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um leikskólann og umhverfi hans.

Uppsetningu handbókarinnar er ætlað að auðvelda notendum að finna upplýsingar um hina mismunandi þætti sem taka á velferð og öryggi leikskólabarna. Markmiðið með handbókinni er að setja fram á aðgengilegan hátt upplýsingar um þá þætti sem huga þarf að í daglegum rekstri og starfi leikskóla.

Handbókinni er skipt í 10 meginkafla, hverjum meginkafla er síðan skipt í undirkafla til að auðvelda leit að sértækum þáttum. Meginkaflar handbókarinnar eru:

1. Lög, reglugerðir og námskrár sem gilda um leikskóla
2. Velferð barna og ungmenna
3. Netöryggi
4. Slysavarnir og líkamlegt öryggi
5. Öryggi í námsumhverfi
6. Eftirlit
7. Öryggi í ferðum á vegum leikskóla
8. Slys
9. Almannavarnir og eldvarnir
10. Áhugavert lesefni og viðaukar

Handbókinni er ætlað að vera rammi um sameiginlega vinnu allra í skólasamfélaginu að velferð nemenda og byggir á efni sem Herdís Storgaard og Þorlákur Helgason unnu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ráðuneytið hefur falið Menntamálastofnun umsjón, vistun og uppfærslu handbókanna fyrir leikskóla og grunnskóla.

1 Lög, reglugerðir og námskrár sem gilda um leikskóla

- [Aðalnámskrá leikskóla](#)
- [Barnalög nr. 76/2003](#)
- [Barnaverndarlög 80/2002](#)
- [Byggingarreglugerð nr. 112/2012](#)
- [Lög um almannavarnir nr. 82/2008](#)
- [Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998](#)
- [Lög um leikskóla nr. 90/2008](#)
- [Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins \(Barnasáttmálinn\) nr. 19/2013](#)
- [Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995](#)
- [Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002](#)
- [Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009](#)
- [Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003](#)
- [Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007](#)
- [Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009](#)
- [Reglugerð um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 944/2014](#)
- [Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002](#)
- [Reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009](#)
- [Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944](#)



2 Velferð barna og ungmenna

Skólinn er gríðastaður barna og ungmenna og hvílir mikil ábyrgð á öllu starfsfólki skóla til að búa börnum vellíðan og öryggi í daglegu starfi. Velferð barna er sameiginlegt verkefni skóla og heimila. Það er mikilvægt að börn fái notið bernsku sinnar og eigi góðar minningar úr skóla.



Þegar fjallað er um velferð nemenda er horft til þriggja þátta. Þeir eru:

- Félagslegt öryggi nemenda og að þeir séu metnir út frá eigin verðleikum.
- Tilfinningalegt öryggi nemenda sem finna væntumþykju annarra.
- Traust þar sem nemendur átta sig á að þeir geti treyst þeim sem eru að mennta þá.

Með ofbeldi er í þessari handbók átt við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í öllum birtingarmyndum þess.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst ([Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands](#)). Markmið laga og reglugerða um skólahald er meðal annars að tryggja að nemendum líði vel. Mikilvægt er að þeir búi við öryggi og að gagnkvæmt traust ríki í skólasamfélaginu. Kaflar tvö og þrjú eiga við um leik- og grunnskóla og er í þeim stuðst við lög, reglugerðir og aðalnámskrár fyrir bæði skólastigin. Þar sem talað er um nemanda eða barn er átt við barn eða ungmenni í leik- eða grunnskóla.

2.1 Sýn skólans á velferð

Bernsku- og unglingsárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings og eiga skólar að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og unglunga. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skóla sem utan. Í lögum um leik- og grunnskóla eru skýrar áherslur á öryggi og velferð og hvatt er til góðs og farsæls samstarfs allra sem að skólasamfélaginu koma. Allir geta verið sammála um að nemendur eiga rétt á að eiga góðar minningar úr skóla hvort heldur er úr námi, félagslífi eða tilfinningalega. Barn sem líður vel í skóla, á góða vini og getur tekið beinan þátt í að móta góðan skóla er líklegri til að ná árangri í skóla og það hefur áhrif á skólabrag. Góður árangur barns í skóla hefur einnig áhrif á heilsufar þess. Barn sem býr við tilfinningalegt og félagslegt öryggi í skóla er líklegt til að geta metið stöðu sína og náð árangri á eigin forsendum.

Samkvæmt [reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011](#) skulu skólar vinna sameiginlega sýn og stefnu um velferð og birta í skólanámskrá. Mikilvægt er að hvoru tveggja sé skilgreint, unnið sé að því að styrkja ímynd skólans og skapa sameiginlegan skilning meðal starfsmanna, nemenda, foreldra og grenndarsamfélagsins. Í skólasamfélaginu er lögð rækt við að vinna að almennri velferð nemenda og gegn andfélagslegri hegðun í hverju svo sem hún kann að birtast svo sem einelti, öðru ofbeldi og niðurlægingu.

Ekki er til sambærileg reglugerð fyrir leikskóla en í lögum um [leikskóla, nr. 90/2008](#) segir að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skuli meðal annars vera að:

- hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi
- rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Skólinn er, næst á eftir heimili barnsins, mikilvægasta umhverfi þess og þar mótast meðal annars félags- og tilfinningaþroski að hluta. Því er mikilvægt að skólar móti sér sýn á velferð og birti hana í skólanámskrá sinni.

Hér að neðan eru talin upp nokkur atriði sem vert er að hafa til hliðsjónar við mótun heildarsýnar skóla á velferð nemenda:

- Markmið um aukna velferð nemenda er samvinnuverkefni skóla og heimilis.
- Skólinn skilgreini í hverju jákvæður skólabragur felst og móti leiðir til að viðhalda honum. Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar skulu í sameiningu leggja áherslu á að móta og viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag.
- Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni. Leitast skal við að vinna að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.
- Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, ábyrgð, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.
- Skólinn skal vinna markvisst að forvörnum þar sem hugað er að félagslegri vellíðan og velferð nemenda.
- Skólinn er griðastaður barna þar sem þau eiga að finna til öryggis. Hafa skal að leiðarljósi að börn og unglingar þarfnast verndar og leiðsagnar fullorðinna.
- Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra.
- Nemendur eiga að fá tækifæri til að skiptast á skoðunum við önnur börn og fullorðna þar sem þeir finna lausnir í sameiningu og miðla málum.
- Þarfir og áhugi barna ættu að vera sá grunnur sem mótast umhverfi og starfshætti skólans. Starfsfólk skóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins.
- Ofbeldi, einelti og annað andfélagslegt atferli skal aldrei liðið. Skólinn skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppræta slíkt atferli, koma í veg fyrir að það þróist til að bæta umhverfi nemenda.
- Starfsfólk skóla ber ábyrgð á að börnum líði vel í skólanum.

Í skólasamfélaginu á nemandi að fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Skólinn á, í samstarfi við foreldra, að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Samkvæmt aðalnámskrá eru starfshættir skóla og samskipti allra aðila ekki síður mikilvæg en önnur viðfangsefni til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð og menntun. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

Námsárangur byggir á forsendum nemandans sjálfs, samskiptum og samkennd með vinum og félögum og samskiptum við kennara, annað starfsfólk sem og á upplifun nemandans um eigin stöðu. Æskilegt er að nemandinn taki þátt í aðgerðum til að móta vinsamlegt umhverfi í skólanum.

Foreldrar eru hluti af skólasamfélaginu og er mikilvægt að traust og virðing ríki milli heimilis og skóla. Foreldrar nemenda skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk skóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólafarfið og velferð barnanna. Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, svo sem um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagöngu þeirra, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Í [reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011](#) segir að skólafarandum og kennurum beri að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og bekkjaranda og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvorutveggja. Þetta á einnig vel við um leikskólann.

Skólar eiga að hafa frumkvæði að því að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólafarfi, almenna velferð og öryggi nemenda. Kennurum og öðru starfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum, menningu og aðstæðum skilning og virðingu.

Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér. Eftirfarandi leiðarljós í aðalnámskrá leikskóla eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólafarfis um velferð. Starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá leikskólans:

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Leikskólafarfi skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki og þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmýnd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.

Í [reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011](#) eru eftirfarandi markmið:

Að nemendur geti notið bernsku sinnar í skólafarfi, notið hæfileika sinna og séu öruggir í öllu starfi á vegum skólans.

Að stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum að öðru leyti.

Að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru leiðarljós.

Að stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti og stuðla að gagnkvæmu trausti allra aðila í skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu, samábyrgð, kurteislegri framkomu og tillitssemi.

Að haldið sé uppi námsaga þar sem tekið er tillit til þarfa nemenda, þroska og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.

Að hver grunnskóli setji sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum, að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

2.2 Forvarnir

Skólinn skal vinna markvisst að forvörnum með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Fræðsla til starfsmanna, foreldra og nemenda er mikilvægur þáttur forvarna.

Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkrar þátttöku í samfélaginu. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, hvort það hefur trú á eigin hæfni og er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í skóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barns og góðri heilsu. Í skólum gefst tækifæri til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan óháð efnahag og aðstæðum á heimili nemenda. Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjosti og leggja sig fram um að tryggja öryggi, vellíðan og vinnufrið til þess að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðislegum viðhorfum nemenda. Nemendur þurfa að vita hvað þeir kunna og hvað þeir geta og hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Upplifun nemenda er mikilvægt atriði í að styrkja velferð þeirra. Það hvernig nemendur upplifa stöðu sína og gengi í skólanum hefur þar áhrif sem og ytri aðstæður eins og skólahúsnæði.

Allt skiptir þetta máli og hefur mismikil áhrif á líðan nemenda. Hafa skal í huga að mælikvarði fullorðinna á þægilegu umhverfi þarf ekki að fara saman við mat barna og unglinga. Spurningalistar sem lagðir eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk eru leiðbeinandi um mat á líðan nemenda og beina sjónum að jákvæðum aðstæðum og þeim sem þarf að bæta. Eins geta þeir verið til stuðnings reglubundnum viðtölum við nemendur og foreldra. [Tillögur að spurningalistum má finna í viðauka.](#)

2.3 Réttur barna

Allir nemendur eiga rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Jafnrétti til náms þýðir að nemandu eru sköpuð bestu skilyrði á hans forsendum, óháð félagslegri og námslegri stöðu. Nemendur eiga að njóta styrkleika sinna og þeim á að leiðbeina til að draga þá fram. Nemandi sem stöðugt upplifir að verða undir og ná ekki settu

marki, finnur fyrir vanlíðan og vanmætti í skóla. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna. Skólum ber að sinna forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra. Starfsfólk skóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái notið sín sem best.

[Samkvæmt barnalögum, nr. 76/2003](#), á barn rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Barn á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

Í [samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992](#), segir að með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

Í [barnaverndarlögum, nr. 80/2002](#), segir að allir sem hafi uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

2.4 Tilkynningaskylda til barnaverndarnefnda

Í [barnaverndarlögum, nr. 80/2002](#), stendur að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er skólastjórum, kennurum, þroskaþjálfum og öðrum þeim sem koma að málefnum barna í skólasamfélaginu skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu óviðunandi. Tilkynningaskylda gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Á vef Barnaverndarstofu má finna [verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda](#).

2.5 Skólabragur

Jákvæður skólabragur sem verndar og styrkir nemandann byggir meðal annars á þátttöku hans. Jákvætt námsumhverfi og gott skólahúsnæði stuðlar að góðum námsárangri.

Þættir sem skipta máli eru meðal annars:

- Hvernig er ytra umhverfi? Er skólaumhverfi bjart og hlýtt, henta aðstæður samskiptum við vini?
- Hvernig er innra umhverfi? Skólabragur, samskiptamáti, áhrif nemenda, hafa nemendur komið að mótun umhverfis og aðstæðna?
- Hvernig eru skilaboð frá þeim fullorðnu? Dæmi: „Þú sem nemandi skiptir máli og við viljum að þú lærir.“
- Hvernig er búið að öryggi barna? Er starfsmaður alltaf til staðar og geta nemendur treyst honum til að bregðast við og grípa inn í aðstæður?

- Hvernig er félagsstaða foreldra? Hún getur verið misjöfn og haft áhrif á samskipti heimilis og skóla.

2.6 Starf skóla gegn ofbeldi

2.6.1 Leikskólinn

Í lögum og reglugerðum er ekki kveðið á um skyldur leikskóla til að móta sér stefnu um aðgerðir gegn ofbeldi. Andi laga um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla felur þó í sér hvatningu til að leikskólar setji sér stefnu til að koma í veg fyrir og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. Leikskólar geta nýtt sér þær tillögur sem fram koma í kaflanum hér að neðan um grunnskólann.

2.6.2 Grunnskólinn

Í 7. grein [reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu í grunnskólum, nr. 1040/2011](#) segir að allir skólar skuli hafa heildstæða stefnu fyrir skólann til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. Skólum ber að setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum. Áætlunin skal ná til allrar starfsemi og alls starfsfólks skóla og skal kveða á um skyldur þess til að vinna gegn einelti með ábyrgum og virkum hætti. Áætlunin skal ná til allra nemenda og styrkja þá til að bera virðingum hver fyrir öðrum, sýna tillitssemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti.

Aðgerðir gegn einelti eru órjúfanlegur þáttur í að skapa nemendum öruggt umhverfi og taka til skólans í heild, einstakra námshópa og einstaklinga. Hver kennari ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerðaáætlun skólans gegn einelti og skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft.

Eineltisáætlun á að vera virk í skólanum. Traust og vellíðan nemanda byggir á að honum sé ekki strítt eða hann niðurlægður á annan hátt. Nemandi á að geta treyst starfsfólki skólans til að grípa inn í aðstæður og skipta sér af sé þess þörf. Kanna þarf reglulega eðli og umfang eineltis í skólum, kynna niðurstöður og nýta þær til úrbóta. Aðgerðaáætlun gegn einelti er hluti af skólanámskrá og er kynnt sérstaklega eftir því sem þurfa þykir og skal birt opinberlega.

Aðilar skólasamfélagsins (foreldrar og forráðamenn nemenda, nemandi, starfsfólk skóla, stjórnendur skóla), auk annarra aðila sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi sem hefur stoð í grunnskólalögum geta óskað eftir aðstoð [fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum](#) ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu. Ráðuneytið gefur út verklagsreglur um starfsemi fagráðsins, málsmeðferð og eftirfylgni að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á vefsíðu Menntamálastofnunar er hægt að nálgast upplýsingar og góð ráð um einelti og þar er m.a. að finna leiðbeiningar um verkferla í eineltismálum: <https://gegneinelti.is/>

Einnig er mikilvægt að skólar setji sér áætlanir um viðbrögð við ofbeldi og verklagsreglur fyrir starfsfólk um tilkynningar vegna ofbeldis sem það verður vitni að eða verður áskynja um í störfum sínum. [Tillaga að gátlista um aðgerðaáætlun gegn ofbeldi, einelti og kynferðislegu áreiti er í viðauka 10.15.](#)

3 Netöryggi

SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) og samtökin Heimili og skóli hafa í samvinnu við mennta- og menntamálaráðuneyti tekið saman [almenn viðmið um birtingu myndefnis, meðferð upplýsinga um börn á netinu og notkun samfélagsmiðla](#). Viðmiðin gilda einkum um heimasíður skóla, íþróttafélaga og annarra sem koma að æskulýðs- og tómstundastarfi.

Hægt er að tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni á neti í gegnum [ábendingahnapp Barnaheilla](#).



4 Slysavarnir og líkamlegt öryggi

Þessi hluti handbókarinnar á við um leikskóla og er stuðst við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Handbókinni er meðal annars ætlað að vera leiðarvísir við gerð neyðaráætlana, fyrir leikskóla.



4.1 Forvarnir og fræðsla

Allir starfsmenn leikskóla (bæði fastráðnir og lausráðnir) þurfa að kunna skyndihjálp leikskólabarna og viðhalda þeirri þekkingu með því að fara yfir og æfa reglulega viðbrögð við slysum og vá. Mikilvægt er að allir starfsmenn leikskólans kunni að bregðast við slysi á fumlausan hátt og er það á ábyrgð leikskólastjóra að svo sé. Hann ætti einnig að sjá til þess að haldið sé námskeið í slysavörnum og skyndihjálp leikskólabarna annað hvert ár þar sem starfsmenn endurnýja skyndihjálparréttindi sín. Þeir sem halda slysavarnarnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla skulu hafa til þess bæra þekkingu og reynslu. Einnig er mikilvægt að starfsmenn leikskóla æfi reglulega viðbrögð við mismunandi slysum.

- Þegar nýir starfsmenn hefja störf í leikskólanum er mikilvægt að þeim sé gefið tækifæri til að sækja námskeið í slysavörnum og skyndihjálp leikskólabarna eins fljótt og auðið er.
- Leikskólastjóri á að hafa yfirlit yfir alla starfsmenn sem hafa lokið skyndihjálparnámskeiði. Bent er á að gott er að halda yfirlit yfir þá starfsmenn sem hafa farið á slysavarnarnámskeið í Öryggishandbók leikskólans.

Allt starfsfólk leikskóla ber ábyrgð á börnum meðan þau eru í leikskólanum og verður að grípa inn í ef barn sýnir af sér hegðun sem getur leitt til slysa. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um hvaða hættur geta leynst í leikskólum og umhverfi þeirra. Einnig á starfsfólk að sýna þá ábyrgð að taka strax úr umferð ónýt leikföng og bilaða hluti sem leitt geta til slysa við notkun.

Nauðsynlegt er að skrá börn þegar þau koma í leikskólann og þegar þau fara heim til að tryggja að starfsmenn hafi ávallt yfirlit yfir réttan fjölda barna í leikskólanum. Eðlilegt er að leikskólinn setji sér verklag varðandi það ef annar aðili en forsjáraðili sækir barnið.

4.1.1 Fræðsla starfsfólks um öryggismál

Öryggi barna í leikskólum á að vera forgangsmál. Það er því mikilvægt að allir starfsmenn fái þjálfun í öryggismálum. Mikilvægt er að þjálfun í öryggismálum byrji um leið og starfsmenn taka til starfa og að því sé fylgt eftir að þeir öðlist færni í öryggismálum.

Það sem þarf að hafa í huga fyrir alla starfsmenn er meðal annars:

- Námskeið um slysavarnir og skyndihjálp annað hvert ár til að starfsmenn geti endurnýjað skyndihjálparréttindi sín.
- Árleg könnun á kunnáttu og þekkingu starfsmanna í öryggismálum og viðbrögðum skólans við slysum, bruna og annarri vá.
- Regluleg þjálfun starfsmanna í viðbragðsáætlunum og öryggisferlum skólans.

Fyrir nýja starfsmenn þarf sérstaklega að huga að:

- Kynningu á viðbragðsáætlunum og öryggisferlum skólans.
- Kynningu á staðsetningu sjúkrakassa og öryggisblaða.
- Slysavarnanámskeiði eins fljótt og auðið er.

4.2 Öryggisferlar og viðbragðsáætlanir

Skriflegir og virkir öryggisferlar eiga að vera í öllum leikskólum og hanga uppi á áberandi stað/stöðum. Mikilvægt er að slíkt svæði sé tilgreint sem neyðarstöð. Allt starfsfólk á að kunna öryggisferla leikskólans og hafa auðveldan aðgang að skriflegum upplýsingum um þá. Kynna þarf verkferla viðbragðsáætlana fyrir nýju starfsfólki og afleysingastarfsfólki á fyrstu starfsdögum þess í leikskólanum.

4.2.1 Hlutverk og ábyrgð

Skilgreina þarf ábyrgð starfsfólks í starfslýsingu og hlutverk þess í viðbragðsáætlun. Allt starfsfólk á að vita hvert hlutverk þess er ef upp kemur neyðarástand. Stjórnendur öryggismála (öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður) á vinnustað eiga að tryggja öryggi barna, eigið öryggi, öryggi starfsfólks, að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum og gerð áhættumats. Áhættumat er áhrifarík aðferð við að tryggja hámarksöryggi barna í leikskólum. Áhættumat ætti að byggja á skráningu leikskóla á slysum þar sem áverkar eru flokkaðir á grundvelli alvarleika. Með því móti verður matið faglegt og hægt að fyrirbyggja að alvarlegir atburðir endurtaki sig.

4.2.2 Reglubundnar æfingar á viðbragðsáætlunum

Mikilvægt er að viðbrögð við ólíkum aðstæðum, s.s. alvarlegum slysum, eldi eða náttúruvá séu æfð reglulega.

Með því að æfa mismunandi viðbragðsáætlanir reglulega verður þekking og færni starfsfólks meiri og betri. Það eykur líkur á að unnt sé að bregðast fuðlaust við mismunandi aðstæðum.

Mikilvægt er að leikskólastjóri feli einum starfsmanni að fylgjast með æfingunni og skrá niður hvernig gengur þannig að ef upp koma vandamál sé skráning að æfingu lokinni sem farið er yfir, það sem miður fór er rætt og fundnar leiðir til úrbóta. Slíkt ferli er mjög lærdómsríkt og eykur öryggi starfsfólks.

- Viðbragðsáætlanir vegna slyss og eldsvoða er mikilvægt að æfa tvisvar sinnum á ári.
- Viðbragðsáætlun við vá er mikilvægt að æfa einu sinni á ári.

4.2.3 Tegundir viðbragðsáætlana

Gera þarf hið minnsta þrjár tegundir neyðaráætlana sem taka mið af hættunni.

Viðbrögð við slysi	Viðbrögð við eldsvoða	Viðbrögð við náttúruvá
Meta þarf ástand hins slasaða út frá skyndihjálparþekkingu.	Koma öllum út og safna saman á fyrirfram ákveðnum stað.	Koma öllum í öruggt skjól og safna saman á fyrirfram ákveðnum stað.
Hringja í 112	Hringja í 112	Hringja í 112
Tryggja öryggi á slysstað.	Nafnakall	Nafnakall
Veita slösuðum aðhlyningu.	Veita slösuðum aðhlyningu.	Veita slösuðum aðhlyningu.

4.2.4 Grunnupplýsingar um barn vegna slysa og bráðaveikinda

Mikilvægt er að leikskólinn hafi nauðsynlegar grunnupplýsingar um þau börn sem eru í skólanum. Upplýsingarnar þurfa að vera skriflegar og geymdar á aðgengilegan hátt þar sem allt starfsfólk leikskólans veit um þær og getur nálgast þær þegar þörf krefur, t.d. þar sem sjúkrakassinn er geymdur og aðrar upplýsingar um viðbrögð við eldsvoða, slysum eða náttúruvá.

Foreldrar bera fyrst og fremst ábyrgð á að grunnupplýsingar séu réttar. Í byrjun hvers skólaárs er mikilvægt að leikskólinn hafi frumkvæði að því að yfirfara upplýsingarnar í samráði við foreldra og fái ávallt upplýsingar um breytingar.

Nauðsynlegar grunnupplýsingar um barn vegna slysa og bráðaveikinda

- Nafn barns.
- Kennitala barns.
- Er barn með ofnæmi, nauðsynlegt að skrá öll þekkt ofnæmi.
- Er barnið með greindan sjúkdóm, mikilvægt að skrá heiti sjúkdóms og lækni sem annast barnið.
- Tekur barnið lyf að staðaldri, mikilvægt að skrá heiti lyfs, magn og tímasetningu inntöku.
- Nöfn foreldra, heimilisfang, heimasími, farsími, vinnusími og vinnustaður (nauðsynlegt að skrá heiti hans, deild ef um stóran vinnustað er að ræða og heimilisfang).
- Nafn á þeim sem hægt er að hafa samband við ef ekki næst í foreldra, heimilisfang, heimanúmer, farsími, vinnusími og vinnustaður.
- Taka þarf fram ef foreldrar eiga erfitt með að skilja eða tala íslensku og tilgreina móðurmál þeirra.

4.3 Sjúkrakassi

Í sjúkrakassa á aðeins að vera sá búnaður sem talinn er upp í lista yfir innihald sjúkrakassa hér að neðan. Annað getur tafið starfsfólk við að finna það sem leitað er að. Allir starfsmenn leikskólans verða að kunna að nota fuðlaust þann búnað sem er í sjúkrakassanum.

4.3.1 Notkunarreglur sjúkrakassa

Mikilvægt er að leikskólastjóri feli einum starfsmanni ábyrgð á sjúkrakassa. Ábyrgðarmaður sjúkrakassa sér um að í honum sé ávallt sá búnaður sem þar á að vera. Eftir notkun á sjúkrakassa þarf ábyrgðarmaður að fara yfir innihald hans. Ef einhvern búnað vantar í kassann á að gera tafarlaugar úrbætur á því.

Fjöldi sjúkrakassa í hverjum leikskóla fer eftir stærð og gerð húsnæðis. Mikilvægt er að sjúkrakassinn sé ávallt aðgengilegur og að allir starfsmenn viti um staðsetningu hans.

- Í sjúkrakassanum á að vera listi yfir innihald.
- Sjúkrakassi þarf að vera aðgengilegur og auðveldur í flutningum.
- Mikilvægt er að notandi kynni sér innihald kassans og viti hvernig á að nota innihald hans.
- Æskilegt er að í leikskólanum sé til fyrstu hjálpar bakpoki til að taka með í lengri vettvangsferðir.
- Handþvottur er mikilvægur áður en átt er við sár.
- Nota skal einnota hanska þegar blóð er meðhöndlað.
- Dauðhreinsað innihald kassans hefur takmarkaðan endingartíma. Útrunnum búnaði þarf að skipta út fyrir nýjan.
- Ekki geyma lyf í sjúkrakassanum. Samkvæmt [byggingarreglugerð nr. 112/2012](#) skulu lyf geymd í læstum hirslum.
- Mikilvægt er að fara yfir kassann reglulega.

4.3.2 Listi yfir innihald sjúkrakassa

- 1 rúlla plástur (bréfplástur, heftiplástur)
- 1 lítil skæri (stálskæri)
- 1 góð flísatöng (rifflluð)
- 1 stk. 10 cm krepbindi (teygjubindi) eða næsta stærð við
- 1 stk. 7,5 cm krepbindi (teygjubindi) eða næsta stærð við
- 1 stk. 5 cm krepbindi (teygjubindi) eða næsta stærð við
- 1 pk. skyndiplástur 4 cm (tauplástur)
- 1 pk. skyndiplástur 6 cm (tauplástur)
- 1 fetill (þríhyrningur)
- 5 stk. 10-30 ml saltvatn 0,9%
- 5 bómullarpinnar í lokuðu plasti (plastfilmu)
- 1 pk. 10x10 cm vasilíngrisja
- 1 pk. 5x5 cm vasilíngrisja
- 1 stk. sprauta 15 ml
- 1 pk. 10x10 cm grisjur (5 stk.)
- 2 pk. 10x10 cm grisjur (1 stk.)
- 1 pk. 5x5 cm grisjur (5 stk.)
- 2 pk. 5x5 cm grisjur (1 stk.)
- 1 par af einnota latexfríum hönskum
- 1 stk. einnota blástursgríma (vörn gegn smiti)

5 Öryggi í námsumhverfi

Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla sé meðvitað um þá hættu sem getur steðjað að börnum í nánasta umhverfi s.s. af tækjum og tólum og sjái fyrir þær hættur sem hugsanlega geta komið upp.



5.1 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Ganga þarf úr skugga um að ekki leynist hættur í umhverfi barna sem geta valdið þeim alvarlegum slysum og því er mikilvægt að allt umhverfið sé eins öruggt og hægt er. Æskilegt er að búið sé að fyrirbyggja eins mikið af hættum og hægt er og gera áhættumat.

5.1.1 Starfsmenn

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar. Ef starfsfólk þarf að bregða sér frá er mikilvægt að annað starfsfólk sé látið vita. Það hefur komið fyrir að slys hafi orðið í leikskóla og enginn starfsmaður á svæðinu. Þessum slysum hefði mögulega verið hægt að afstýra hefði starfsmaður verið til staðar.

5.1.2 Hljóðvist

Hávaði hefur ekki einungis áhrif á heyrn og nám. Þekkt er að hávaði veldur streitu og getur haft aðrar neikvæðar afleiðingar á andlega og líkamlega líðan barna. Til að meta áhrif hávaða á nám og líðan nemenda í skólum er mikilvægt að við reglulegar kannanir sé spurt sérstaklega út í hljóðvist og vinnuaðstæður barna. Mikilvægt er að mælingar séu miðaðar við börn og unglunga og taki sérstakt tillit til heyrnar- og hljóðnæmni þeirra sem og þeirrar starfsemi sem fram fer í skólanum. Mikilvægt er að miðað sé við þau skilyrði sem þarf til þess að börn geti tileinkað sér nám. Ekki er nóg að miða við þau mörk hávaða sem beinlínis skemma heyrn. Mikilvægt er að allur búnaður sé keyptur með góða hljóðvist í huga. Á vef Umhverfisstofnunar eru [leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna](#) þar sem meðal annars má finna góð ráð gegn hávaða í umhverfi barna. Taka skal mið af viðmiðum í [Vinnuumhverfisvísi](#) Vinnueftirlits ríkisins varðandi hávaða. Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa gefið út handbókina [Kennsluumhverfið - hlúum að rödd og hlustun](#) sem nýta má við skipulagningu skólastarfs og umhverfis. Einnig er þar að finna lista yfir [hagnýt ráð sem eru til þess fallin að draga úr hávaða](#), en ýmislegt er hægt að gera til að draga úr hávaða með litlum tilkostnaði.

5.1.3 Rödd og raddvernd

Kennarar þurfa að kunna á atvinnutæki sitt, röddina, og vita hvað getur skaðað það. Rödd kennarans þarf að vera áheyrileg og geta gegnt ætlunarverki sínu, nemandinn þarf að hafa gagn af hlustun og umhverfið má ekki spilla þar fyrir. Reyndin er hins vegar sú að alltof oft vinna þessir þrír þættir – rödd, hlustun og umhverfi – illa saman. Það er mikilvægt að starfsmenn fái fræðslu um raddbeitingu, hvað geti skaðað röddina og leiðir til að koma í veg fyrir raddvandamál. Ættu skólar að huga að þeim þætti reglulega í starfspróun sinni. Til þess mætti t.d. nota [fræðslumyndband um raddvernd og ráð til að draga úr raddþreytu](#) og bækling um [raddheilsu kennara](#).

5.1.4 Matmálstímar

Á matmálstíma, þegar heitur matur er á borðum, er mikilvægt að hugað sé að því að nægilega margt starfsfólk sé til staðar til að tryggja megi öryggi barna. Matarvagn skal vera staðsettur það langt frá

matarborðum að börn geti ekki togað matarílát yfir sig. Mikilvægt er að setja reglur um öryggi í matmálstímum til að koma í veg fyrir brunaslys. Nota skal kalt vatn í fötu/íláti fyrir hnífapör.

Ef boðið er upp á heitar súpur eða annan heitan vökva fyrir börn þarf að passa að það hellist ekki yfir þau eða geti brennt þau á annan hátt.

5.1.5 Heitir drykkir

Heitir drykkir geta valdið alvarlegum bruna á börnum. Því ætti starfsfólk aldrei að fara með heita drykki inn í leikrými barna. Með leikrými barna er átt við öll svæði leikskólans úti og inni sem börn hafa aðgang að.

5.1.6 Húsgögn

Bókaskápa og hillur, óháð hæð þeirra, á að festa við vegg. Algengt er að þessir innanstokksmunir séu notaðir til að afmarka leikrými í takmarkaðan tíma. Ganga þarf frá öryggi þeirra á viðeigandi hátt t.d. með því að setja festingar á skápana sem auðvelt er að losa. Sé um varanlega staðsetningu slíkra innanstokksmuna að ræða á að koma fyrir festingu á vegg. Slíkur frágangur er mikilvægur í tilvikum jarðskjálfta og ekki síst ef barn klifrar upp á skáp. Æskilegt er að velja skilrúm sem eru stöðug eða festa þau við vegg eða gólf.

Öll húsgögn á hjólum geta verið varasöm en þau eru valtari en hefðbundin húsgögn þrátt fyrir þyngd þeirra. Húsgögn á hjólum eiga einnig að vera föst við vegg með festingum sem auðvelt er að losa og festa aftur. Ef notuð eru hljómtæki eða sjónvarpstæki á slíkum vögnum á að festa tækin niður á vagninn.

Stólar og borð eiga að vera stöðug. Ef þau eru völt eða hlutar þeirra farnir að losna er mikilvægt að strax sé gert við þau til að koma í veg fyrir slys.

Koma á í veg fyrir að hvöss horn á borðum og hillum geti skaðað börn.

Mikilvægt er að beisli sé í öllum háum stólum við matarborð og að börn noti beisli í samræmi við þroska og aldur.

Til að koma í veg fyrir köfnunarslys er mikilvægt að strax sé gert við eða skipt um áklæði á svampdýnum og sessum þegar það slitnar en börn plokka gjarnan svampinn og setja í munninn.

5.1.7 Hurðir, hurðapumpur og klemmuvarnir

Mikil klemmuhætta fylgir útidyrhurðum í leikskólum. Ganga þarf úr skugga um að hurðapumpa sé á útidyrhurð. Hurðapumpur eru gerðar fyrir mismunandi þyngd hurða, því er mikilvægt að val á hurðapumpu sé í samræmi við þyngd og gerð hurðar. Í ákveðnum vindáttum getur vindstyrkur orðið mikill; kanna þarf hver eiginlegur vindstyrkur getur orðið og taka ákvörðun með tilliti til þess um það hversu sterk hurðapumpun þarf að vera. Vindstyrkur getur verið það mikill hér á landi í vissum áttum að sterkasta hurðapumpa ræður ekki við vindfangið. Í þeim tilfellum þarf að smíða skýli eða vindfang fyrir hurðina til að hún valdi ekki slysi á börnum. Hurðapumpur hafa mismunandi hreyfigetu. Gott eftirlit og viðhald þarf að vera með hurðapumpum þar sem þær afstillast með tímanum við mikla notkun. Rétt stillt hurðapumpa á að virka þannig að þegar hurð lokast hreyfist hún tiltölulega hratt fyrst en síðan lokast hún hægt síðustu 20-30 cm. Það er mikilvægt öryggisatriði ef hurðapumpa afstillist að hún sé lagfærð eins fljótt og hægt er. Ef nýstillt hurðapumpa afstillist fljótt þarf að kanna hvort hún henti fyrir hurðina.

Klemmuvarnir eiga að vera á öllum hurðum þannig að börn geti ekki óvart stungið fingri í fals á hurð og lokað henni þannig að slys hljótist af. Til er mikið úrval af klemmuvörnum. Klemmuvarnir endast

ekki endalaust, það er því mikilvægt að gert sé við þær reglulega. Endingartími klemmuvarna er oft skemmri á útidyrhurðum vegna veðurfarsáhrifa á efnið í þeim.

Mikilvægt er að hurðastopparar séu settir upp fyrir ofan hurðina. Varast ber að hafa hurðastoppara við gólf.

5.1.8 Fataherbergi

Í fataherbergjum getur plássleysi skapað fallhættu ef fatnaður og ýmis búnaður sem tilheyrir börnum er hafður á gólfinu. Ef háar hillur eru fyrir ofan fatahólf barna myndast hættu á að hlutir falli á börnin þegar verið er að toga hluti niður. Hættan er sérstaklega mikil þegar um mjög þunga hluti er að ræða eins og barnabílstóla eða þungar töskur. Ef hillur eru til staðar fyrir aukabúnað barna þarf að ganga þannig frá að ekki skapist hættu á að hlutir geti fallið yfir börn.

Snagar fyrir fatnað og annað verða að vera öruggir þannig að þeir geti ekki skaðað börn. Dæmi um örugga snaga eru snagar sem eru varðir og skaga ekki fram fyrir hillu. Einnig eru til plastsnagar sem eru hengdir neðan í hillur í fataherbergjum, þeir snúast þannig að ef barn dettur á þá meiðist barnið síður. Fjarlægja þarf snaga sem skapa hættu á slysi eða eignartjóni.

5.1.9 Upplýsingatöflur

Staðsetning á upplýsingatöflum í fataherbergjum eða á göngum skiptir máli þegar kemur að öryggi yngri barna. Gæta þarf þess að teiknibólur séu ekki notaðar eða litlir segulkubbar sem passa í [kokhólk](#).

5.1.10 Þurrkskápar

Ef þurrkskápar eru staðsettir í fataherbergjum eða í herbergjum sem börn hafa auðvelt aðgengi að skal gæta þess að þeir hitni ekki mikið að utan svo að börn brenni sig ekki á þeim við snertingu. Ef skápur hitnar mikið að utan þarf að koma honum fyrir í rými sem börn hafa ekki aðgang að.

Þurrkskápar eiga að vera festir við vegg, sérstaklega á jarðskjálftasvæðum þar sem skáparnir eru þungir og geta veitt börnum og starfsfólki alvarlega áverka.

Gæta þarf að því að rafmagnssnúður þurrkskápa liggja ekki niðri við gólf á gönguleiðum. Ef rafmagnssnúra úr þurrkskáp er á gönguleið þarf að koma henni þannig fyrir að hún valdi ekki falli.

5.1.11 Bekkir

Öruggast er að bekkir séu festir við gólf til að koma í veg fyrir að þeir falli yfir fætur barna. Mikilvægt er að gæta þess að ekki myndist hættulegt bil á milli veggjar og bekkjar. Mesti þunginn í bekkjum er að ofan en það gerir þá oft og tíðum valta.

5.1.12 Opnanleg fög

Mikilvægt er að opnanleg fög sem eru í hæð barna séu með öryggislæsingum. Öryggislæsingin verður að vera stillt með þeim hætti að gluggaopið sé ekki meira en 9 cm. Velja þarf stormjárn sem ekki eru hættuleg börnum. Varast ber stormjárn með skörpum brúnum. Í sumum byggingum eru gluggar notaðir sem neyðarútgangar. Opnanlegu fögin á þeim eru stór og verða að hafa læsingu sem auðvelt er að opna ef koma þarf fólki út úr brennandi húsi. Vandamálið við þessa neyðarútganga/glugga er að börn eiga oft auðvelt með að opna læsingarnar og því ákveðin hættu á að þau fari eða detti út. Gæta þarf að bæði öryggissjónarmiðin séu gildandi í slíkum gluggum, þ.e. að notuð sé læsing sem auðvelt er að opna en að hún sé þannig úr garði gerð að yngri börn geti ekki opnað hana.

Í byggingum með gluggum sem ná niður á gólf og þar sem aðgengi barna að þeim er auðvelt skal setja öryggisgler.

5.1.13 Gluggakistur

Ganga þarf frá gluggakistum þannig að börn geti ekki fest fætur í þeim. Í mörgum eldri húsum eru gluggakistur mjög djúpar og oft er haft bil frá vegg að gluggakistu til að hiti komist upp. Bilið má ekki vera meira en sem nemur 25 mm.

5.1.14 Gardínubönd

Gardínubönd geta vafist um háls barna. Ganga skal frá gardínuböndum og snúrum þannig að ekki skapist hætta fyrir börn. Til dæmis með því að ganga frá snúrum upp á snúrústytti sem festa þarf ofarlega í gluggakarminn. Perlukedjur er einnig hægt að setja upp á öryggishjól sem fest er á gluggakarminn að innanverðu.

5.1.15 Miðstöðvarofnar, rafmagnsofnar, blöndunartæki og heitt vatn

Heitir miðstöðvarofnar og heitt vatn getur valdið alvarlegum brunaslysum hjá börnum. Mikilvægt er að byggja utan um ofna eða hafa frágang á þann hátt að ekki hljótist slys af. Lagnir sem eru utan á liggjandi og flytja heitt vatn þarf að hylja þannig að börn geti ekki brennt sig á þeim. Rafmagnsofnar eru hættumeiri en hefðbundnir miðstöðvarofnar, af þeim getur stafað eldhætta og því skal styðjast við leiðbeiningar framleiðenda þeirra ef það þarf að hylja þá. Einnig þarf að gæta þess að staðsetja ekki húsgögn eða annan búnað of nálægt þeim.

Hitastýrð blöndunartæki, með hámark 38°C heitu vatni, eiga að vera á öllum handlaugum í leikskólum og í sturtum/handsturtum til að koma í veg fyrir að börn brenni sig á heitu vatni.

5.1.16 Stigar og tröppur

Mikilvægt er að setja barnheld öryggishlið efst og neðst þar sem stigar eru í rými sem börn hafa aðgang að. Bil á milli rimla má ekki vera meira en 89 mm. Það sama gildir um bil á milli gólfa og handriða. Opið í opnum þrepum má ekki vera meira en 89 mm.

Gæta þarf að því að þrep séu ekki hál. Gæta þarf vel að því að ekki sé notað bón sem skapar hálku eða sápur og rykmoppur sem innihalda mikla olíu.

Handrið eiga að vera fyrir börn jafnt sem fullorðna. Lágmarkshæð handriða er 120 cm. Handrið eiga að vera með lóðréttum pílum til að hindra klifur.

Hringlaga stigar eru óhentugir í byggingum þar sem börn dvelja.

5.1.17 Salerni, handlaugar og skiptiborðsaðstaða

Samkvæmt [reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002](#) eiga salerni og handlaugar að vera við hæfi barna.

Setur á salernum í leikskólum eiga að vera léttar sem og lok.

Á salernum barna eru oft lág skilrúm með hurðum. Ganga þarf frá hurðum á þann hátt að börn geti ekki klemmt sig. Til að koma í veg fyrir klemmuslys er hægt að hafa bil, bilið má ekki vera minna en 8 mm og ekki meira en 25 mm.

Þar sem handlaugar barna eru háar er nauðsynlegt að börn hafi stöðugan hnall til að standa á þegar þau þvo sér.

Skiptiborð eiga að vera staðsett þannig að börn geti ekki náð til hættulegra hluta. Gæta þarf að því að skiptiborð séu traust og stöðug. Öruggt skiptiborð hefur að lágmarki 10 cm kant til að koma í veg fyrir

að barn detti fram af því. Ef notuð er plastdýna (skiptiborðsdýna) ber að skipta henni út ef hún er farin að rifna þar sem hætta er á að barn komist í svampinn innan í henni og kafni. Þar sem tröppur eru upp á skiptiborð þarf að tryggja að börn komist ekki í þær án eftirlits.

5.1.18 Speglar og myndir

Allir speglar í leikskólum skulu vera festir á ramma en ekki klemmur. Speglar eiga að vera úr óbrjótanlegu gleri eða límdir á spjald þannig að ef þeir brotna kemur í þá sprunga en glerbrotin frá þeim detta ekki yfir börnin. Einnig er til öryggisplast sem hægt er að líma á spegla þannig að ef þeir brotna haldast glerbrotin föst við plastið og falla ekki yfir börnin.

Þegar myndarammar með gleri eru festir á vegg leikskóla skal tryggja sama frágang og á við um spegla.

5.1.19 Eldhús

Í eldhúsum er mikið af hættulegum hlutum s.s. ýmis tæki til matreiðslu, beittir hnífar, skæri, plastfilmur og pokar og því þarf að vera hægt að loka eldhúsinu. Í leikskólum þar sem opið er inn í eldhús eða börn eiga þangað erindi vegna náms síns, á að ganga þannig frá tækjum og tólum að börn geti ekki skaðast af þeim. Tæki s.s. eldavélar geta hitnað mikið að utan þannig að börn geta brennt sig alvarlega.

5.1.20 Eiturefni og eitraðar plöntur

Öll eiturefni og önnur hættuleg efni eiga að vera í læstri geymslu og ganga þarf þannig frá að börn hafi ekki aðgang að þeim. Tryggja þarf að börn komist ekki í handspritt.

Mikilvægt er að starfsfólk þekki [varnaðarmerkingar á umbúðum](#).

Ef plöntur eru í leikskólanum ber að ganga úr skugga um að þær séu ekki eitraðar. [Hér má finna lista yfir eitraðar plöntur](#).

5.1.21 Rafmagnsöryggi

Samkvæmt [byggingarreglugerð nr. 112/2012](#) skulu vera lekastraumsrofar (lekaleiðar) í öllum byggingum. Lekastraumsrofi er öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir rafmagnsslys. Rík krafa er gerð til rafmagnstækja og öryggis þeirra. Ef tækin brotna eða rafmagnssnúrir þeirra trosna er mikilvægt að slíkt sé lagað.

Flestar innstungur eru með öryggislæsingu sem kemur í veg fyrir að börn geti stungið hlutum inn í þær og komist þannig í snertingu við rafmagn. Slíkar innstungur þurfa ekki frekari öryggisbúnað. Aðrar innstungur og fjöltengi þurfa öryggisbúnað sem eru einskonar tappar eða skífur sem settar eru inn í innstunguna. Ef innstungur brotna eða losna frá vegg er nauðsynlegt að gera við þær strax.

Fjöltengi geta verið varasöm. Ekki má nota brotin fjöltengi eða fjöltengi þar sem rafmagnssnúran eða klóin er farin að skemmast.

5.1.22 Kerti og eldfim efni

Fara skal þannig með eld, eldfim og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti hlotist af þeim. Æskilegt er að banna alla notkun kerta í skólum. Öll umgengni við opinn eld skal vera varfærnisleg og ekki skal skilja logandi kerti eftir eftirlitslaust eða á meðan starfsmaður vikur frá. Kveikjara og eldspýtur skal geyma í læstum hirslum.

5.1.23 Íþróttasalir/hreyfirými

Í flestum leikskólum er aðstaða fyrir hreyfingu/íþróttir barna. Aðstaðan er mjög mismunandi. Mikilvægt er að þessi rými séu hönnuð með notagildi í huga því venjulegir salir fyrir leiki og léttu hreyfingu eru ekki frábrugðnir öðrum rýmum í leikskólanum. Ef rýmið er ætlað fyrir íþróttir þarf að huga vel að innréttingu og frágangi þess. Í þeim rýmum leikskóla sem notuð eru til hreyfingar barna er mikilvægt að hafa sem minnst af húsgögnum eða öðrum búnaði sem börn geta hlaupið á eða geta fallið yfir þau.

Þegar börn eru í hreyfileikjum þarf starfsfólk að vera til staðar og grípa inn í ef börn sýna af sér hættulega hegðun.

Hafa skal í huga:

- Velja þarf gólfefni sem er framleitt fyrir almenn íþróttarými.
- Ef rimlar eru til staðar á að kanna hvort þeir séu tryggilega festir við vegg.
- Æskilegt er að nota falldempandi dýnur í íþróttasölum.
- Körfuboltakörfur sem hengdar eru á rimla á að fjarlægja eftir notkun. Um er að ræða spjald með netkörfu og aftan á spjaldinu eru krækjur sem hægt er að hengja í rimla eða aðrar festingar á vegg.
- Ljós og lampar eiga að vera varin þannig að hlutar þeirra geti ekki fallið yfir börn. Ekki má hafa glerkúpla á ljósum sem geta brotnað í boltaleikjum og fallið yfir börn. Best er að setja upp sérstök ljós með vörn eins og notuð eru í íþróttamannvirkjum.
- Skarpar brúnir, gluggakistur og ofnar eiga að vera varin sérstaklega. Hægt er að láta útbúa bólstraðar svampdýnur sem raðað er utan um þessa hluti og þær festar saman með frönskum rennilás.
- Myndir á vegg í þessum rýmum skal festa þannig að ekki hljótist hætta af ef bolti eða aðrir hlutir sem notaðir eru rekast í þær.
- Allur búnaður sem notaður er, s.s. hringir og boltar, á að hafa upprunalegar leiðbeiningar frá framleiðanda um rétta notkun. Mikilvægt er að búnaðurinn hæfi réttum aldri. Einnig er mikilvægt að leiðbeiningar um viðhald búnaðar séu virtar.
- Sippubönd og önnur bönd geta valdið alvarlegum slysum og því mega börn aldrei vera eftirlitslaus þegar þau eru að leik með sippubönd eða önnur bönd.
- Rólur, kaðlar og hringir eru tæki sem krefjast virks eftirlits með börnum og þess skal sérstaklega gætt að notaðar séu falldýnur undir tækin meðan á notkun stendur.

5.2 Námsgögn og leikföng

Við val á leikföngum verður að hafa í huga að þau hæfi aldri og þroska þeirra barna sem koma til með að nota þau. Mikilvægt er að skoða viðvörðunarkerkingar vel og fara eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja leikfanginu. Leikföng/leiktæki skulu uppfylla kröfur [reglugerðar um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 944/2014](#) og vera CE merkt. Starfsfólk leikskóla skal framkvæma reglubundið eftirlit með leikfangi/leiktæki samkvæmt gátlista sem leikskólinn útbýr. Skemmd leikföng skal taka úr umferð.

5.2.1 CE merkingar

Leikföng sem ætluð eru börnum yngri en 14 ára eiga að vera CE merkt. CE merking vöru gefur til kynna að varan uppfylli þær lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd sem settar eru fram í Evróputilskipunum. CE merkið er ekki öryggis- eða gæðastimpill heldur til staðfestingar á því að leikfangið uppfylli allar skilgreindar kröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar samkvæmt CE staðli.

5.2.2 Leikföng fyrir 0-3 ára

Leikföng sem kunna að vera hættuleg börnum yngri en þriggja ára (36 mánaða) skulu vera með viðvörðun þar að lútandi ásamt ábendingu um hættuna sem viðvörðunin lýtur sérstaklega að og upplýsingum um hvernig eigi að bregðast við þeirri hættu. Aldursviðvörðunarmerking á að vera á leikfanginu sjálfu eða á umbúðum þess og ætti merkingin að vera myndræn (sjá mynd hér að neðan) eða í textaformi t.d.: Viðvörðun! Hæfir ekki börnum yngri en þriggja ára!

Þetta merki má sjá á leikföngum og á umbúðum leikfanga sem ekki eru við hæfi barna yngri en þriggja ára. Leikfanginu fylgja smáhlutir sem geta valdið köfnunarhættu ef þeir lenda í munni barns.



5.3 Kokhólkur

Hafa skal í huga að ung börn stinga hlutum upp í sig. Nota skal kokhólk til að mæla smáhluti sem geta valdið köfnun hjá börnum. Kokhólkur ætti að vera til í öllum leikskólum. Kokhólkur er mælitæki sem notað er til að mæla stærð smáhluta sem getur valdið köfnun hjá yngri börnum.

Sjá nánar á [vef Neytendastofu](#).

5.4 Nokkur atriði til athugunar við innkaup á leikföngum

Fyrir börn á leikskólaaldri þarf að velja leikföng sem þau ráða við, sérstaklega hvað varðar stærð, hraða og jafnvægi. Forðast ætti leikföng og leiktæki sem ná miklum hraða.

- Gæta þarf sérstaklega að því að leikföng hafi ekki hvassar brúnir eða hvöss horn.
- Varast ætti leikföng eða aðrar vörur sem líkjast matvælum.
- Á brúðum og tuskudýrum eiga augu, nef, hár, hnappar og aðrir smáhlutir að vera vel festir. Þessir hlutir þurfa einnig að þola þvott.
- Snúrur og bönd í leikföngum mega ekki vera lengri en 22 cm.
- Teygjubönd föst við leikföng, t.d. bolta, mega ekki vera lengri en 3 cm.
- Ef límmiði er festur á leikfang, er mikilvægt að ganga úr skugga um að börn geti ekki náð honum af og stungið upp í sig.
- Ef leikfang inniheldur smárafhlöðu þarf lokið yfir rafhlöðuna að vera tryggilega fest, þar sem rafhlaða sem losnar getur valdið köfnunarhættu. Slíkar rafhlöður innihalda einnig eiturefni sem geta verið ætandi (sáramyndandi) í meltingarvegi.
- Blöðrur eru ekki æskilegar fyrir börn yngri en 8 ára. Ef blaðra springur þarf að gæta að því að henda öllum hlutum hennar. Álblöðrur eru hættuminni en latex blöðrur.
- Leikföng sem gefa frá sér há og hvell hljóð eiga að vera með viðvörðunarmerkingu þess efnis að leikfangið eigi ekki að bera upp að eyra, þar sem það geti skaðað heyrn.
- Mikilvægt er að leikföng séu sterkleg. Börn yngri en þriggja ára þurfa leikföng sem þola mikið hnjask. Leikföng úr harðplasti skal velja vel en sum þeirra geta brotnað auðveldlega.
- Búningar og leikföng ættu ekki að vera úr eldfimu efni.
- Segulleikföng hæfa ekki börnum yngri en 8 ára og því eiga slík leikföng ekki að vera til staðar í leikskólum. Hættan við þessi leikföng er sú að ef barn gleypir fleiri en einn segul þá leita þeir hvor annan uppi og geta fest saman í maga eða þörmum með alvarlegum afleiðingum. Á umbúðum leikfanga með segli á að vera viðvörðun sem varar við hættunni ásamt aldursviðvörðun.

5.4.1 Leikföng og annað að heiman

Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla fylgist með því sem börn hafa með sér að heiman s.s. leikföng, smádót, lyf eða annað. Taka ber allt úr umferð sem getur skapað hættu fyrir börn. Æskilegt er að leikskólar setji sér reglur varðandi leikföng og annað sem kemur af heimilum barna.

5.4.2 Trampólín

Mikilvægt er að lesa vel og geyma leiðbeiningar um rétta notkun trampólína innandyrna.

Trampólín eru framleidd fyrir mismunandi aldur barna. Ekki er æskilegt að börn á öðrum aldri en fram er tekið í leiðbeiningum framleiðanda noti trampólínið.

Trampólín á að vera stöðugt (góðir traustir gúmmítappar undir þeim, ef þeir losna eða eyðileggjast þarf að laga þá strax). Gormar eiga að vera stífir. Ef þeir eru farnir að losna og verða slappir þarf að laga þá eða að skipta þeim út fyrir nýja. Mjúkur kantur á að vera utan um gormana. Ef hann fer að slitna þarf að skipta honum út fyrir nýjan. Dúkurinn á að vera heill. Ef komið er á hann gat eða hann byrjaður að trosna þarf að skipta honum út strax. Ef hægt er að leggja trampólín saman þarf að tryggja að festingar séu traustar.

Ef trampólín bilar eða brotnar þarf að laga það strax.

5.4.3 Holukubbar

Holukubbar eru þungir trékubbar sem eru ætlaðir fyrir skapandi leik. Börn ættu aldrei að vera ein að leik með holukubba sökum þess hve þungir þeir eru. Kubbarnar hafa valdið slysum þegar þeir hafa fallið á fætur eða höfuð barna. Mikilvægt er að kenna börnum rétta umgengni með kubbana, bæði í leik og við frágang þeirra. Byggingar úr holukubbum ættu aldrei að vera hærri en í axlarhæð barna. Gæta skal þess að undirlag undir kubbunum sé til þess gert að draga úr hávaða sem kubbarnar valda.

5.5 Námsumhverfi úti

Um öryggi á leikskólalóðum gildir [reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim](#) nr. 942/2002. Reglugerðin tekur á öllum þáttum er lúta að öryggi barna.

Ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu eða hættu á drukknun. Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hættu á og við leiksvæðið.

Hafa skal í huga:

- Hindra þarf að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.
- Tryggja þarf góða lýsingu á leiksvæðum.
- Mikilvægt er að haga frágangi á grindverki og hliðum á lóðum leikskólans þannig að börnum stafi ekki hættu af.
- Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar. Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#) er öryggisvísir leiksvæða sem gagnlegt er fyrir leikskólastjóra og rekstraraðila að kynna sér.

Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum [Umhverfisstofnunar](#).

5.5.1 Lýsing

Í kringum leikskóla og á öllum leiðum að leikskóla, hvort heldur er frá bílastæði, gönguleið eða hjólastígum þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Samkvæmt [umferðarlögum nr. 50/1987](#) skal birta á umferðarleiðum bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geta slysað. Mikilvægt er að skipta um bilaðar perur strax og lagfæra ljós sem hafa bilað.

5.5.2 Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járn

Ef girðingastaurar, ljósastaurar og hlið eru úr járn t.d. galvaniseruð, þarf að mála þau upp í 1,5 metra hæð því annars er hætt á að börn geti fest við þau tungu eða fingur í frosti.

5.5.3 Ruslaskýli, tunnur og gámar

Ruslaskýli, tunnur og gámar sem eru staðsett upp við leikskólabyggingar geta haft ákveðna hættu í för með sér svo sem brunahættu vegna íkveikju í rusli og fallhættu ef börn nota þetta sem tröppur til að komast upp á byggingar.

5.5.4 Hjólastandar

Hjólastandar þurfa að vera staðsettir þar sem ekki er hætt á að fólk falli um þá, helst nokkrum metrum frá inngangi. Mikilvægt er að merkja svæðið í kringum þá þannig að sjóndaprir einstaklingar sjái þá.

5.5.5 Umferð og bílastæði við skólalóð

Þegar barn byrjar í leikskóla þarf að kynna foreldrum/forráðamönnum barnsins aðkomu umferðar að leikskólanum. Slíkt felur í sér forvarnir og dregur úr líkum á að hættu skapist vegna umferðar á álagstímum.

Mikilvægt er að allir sem erindi eiga í leikskóla komist þangað á öruggan hátt gangandi, hjólandi og/eða akandi. Þess skal gætt að umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin eins og hægt er.

Æskilegt er að bílastæði við leikskóla sé staðsett við leikskólabygginguna og merkt sérstaklega fyrir starfsfólk og fyrir foreldra.

Gangbrautir skulu merktar þannig að sá sem ekur inn á bílastæðið sjái hvar þær eru.

Nauðsynlegt er að taka á hraðakstri við leikskóla með bættri hönnun umferðarmannvirkja eða liðsinni lögreglu.

5.5.6 Göngustígar og gangstéttir

Göngustígar og gangstéttir eiga að vera með slétt yfirborð. Ef meira en 2 cm mishæð er til staðar er hætt á falli. Ef hættulegar misfellur eru komnar í gangstéttir eða göngustíga er mikilvægt að það sé lagað sem fyrst.

Niðurföll á göngustígum/gangstéttum eiga að vera

- í sömu hæð og göngustígurinn/gangstéttin.
- í lagi og hreinsuð reglulega til að koma í veg fyrir vatnstjón í byggingum og hálkumyndun að vetrarlagi.
- með viðeigandi loki sem snýr rétt.

Mikilvægt er að gert sé strax við stífluð niðurföll. Ef lok vantar á niðurfall eða það snýr öfugt er mikilvægt að laga það strax.

5.5.7 Tröppur, rampar og handrið

Tröppur og rampar eiga að uppfylla ákvæði 202. greinar [byggingarreglugerðar nr. 112/2012](#) um tröppur, stiga og stigahús. Brattar tröppur með stutt eða langt niðurstig eru mjög hættulegar. Æskilegt er að handrið sé staðsett við tröppur. Ef brotnar upp úr þrepum eða þau losna þarf að gera við þau strax.

5.5.8 Hálka

Mikilvægt er að huga að hálkuvörnum í kringum leikskóla. Skýr verkaskipting þarf að vera á meðal starfsmanna sveitarfélaga hvað hálkuvarnir varðar. Áður en starfsemi hefst í leikskólanum þarf að vera búið að hálkuverja. Sama gildir um snjómokstur.

Þar sem því verður við komið ættu gönguleiðir að leikskólabyggingum að vera háлкуvarðar t.d. með hita undir gangstéttum/göngustígum. Ef ekki er hiti undir gangstéttum/göngustígum er mikilvægt að rekstraraðili leikskóla sjái til þess að leysa þann vanda með söltun eða sandburði. Æskilegt er að rekstraraðili geri leiðbeiningar um hálkuvarnir í samvinnu við leikskólastjóra. Ganga þarf úr skugga um að þær séu virkar.

Bílastæði geta oft verið mjög hál, því er mikilvægt að gerðar séu sambærilegar ráðstafanir þar.

5.5.9 Leikvallatæki

Leikvallatæki þurfa að uppfylla kröfur reglugerðar [um öryggi leikvallatækja og svæða og eftirliti með þeim nr. 942/2002](#).

Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla kynni sér fyrir hvaða aldurshópa tækin eru hönnuð. Ef leiktæki á leikskólalóð hæfir ekki aldri ákveðins hóps barna er mikilvægt að þess sé gætt að þau leiki sér ekki í því.

Í reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002](#) kemur fram að:

- Fylgja þarf leiðbeiningum framleiðenda um viðhald á leikvallatækjum.
- Rekstraraðili er ábyrgur fyrir að framkvæma reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.
- Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirlitinu þarf að tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða á ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum er lokið. Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.
- Ábyrgðaraðili innra eftirlits gerir rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

Á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#) má finna upplýsingar og handbækur um skoðanir leiksvæða og leikvallatækja. Þar eru einnig tillögur að gátlistum fyrir reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.

6 Eftirlit

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum skal vera í samræmi við kröfur samkvæmt staðlaröðinni ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldar eru upp í viðauka I með reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002](#).

[Neytendastofa](#) hefur eftirlit með því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi.

Málsmeðferð og réttarfarsúrræði fer eftir ákvæðum laga [um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995](#).



Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laga varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er eftirlitið varðar.

6.1 Innra eftirlit

Í reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 94/2002](#) segir á þessa leið:

- Í starfsleyfi leikskóla skal heilbrigðisnefnd gera kröfu um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum.
- Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176.
- Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning.
- Í innra eftirlitinu skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum er lokið.
- Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.
- Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III í reglugerðinni.
- Aðalskoðun skal framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja.

Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Með hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits ætti að vera ábyrgðaraðili sem gerir rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

6.1.1 Eftirlit starfsmanna

Í reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 94/2002](#) segir að reglubundna yfirlitsskoðun geti þurft að framkvæma daglega í leikskólum allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður.

Markmiðið með skoðuninni er fyrst og fremst að tryggja öryggi barna á lóðinni. Mikilvægt er að framkvæma skoðun á lóð daglega áður en börn fara út að leika sér.

Eftirfarandi atriði þyrfti að skoða:

- **Hálka:** Kanna þarf hvort mikil hálka er á lóð og göngustígum innan lóðar. Ef svo er skal gera viðeigandi ráðstafanir, s.s. að salta þá fleti sem eru hálir. Mikilvægt er að kanna hálku á yfirborði leiktækja. Ef ísing er úti er ekki ólíklegt að þau séu hál. Meta þarf hvort hindra þurfi aðgang barna að hálum leiktækjum því þau geta verið hættuleg og skapað fallhættu. Ef starfsfólk kemur því ekki við að hálkuverja lóðina með góðu móti þarf að meta hvort æskilegt sé að börn fari út að leika sér meðan ástandið varir.
- **Lýsing:** Kanna ber hvort unnin hafa verið skemmdarverk á lýsingu lóðar eða hvort perur hafi bilað. Ef svo er þarf að tilkynna það strax til viðkomandi aðila sem sér um viðhald lóða.
- **Rusl:** Mikilvægt er að allt rusl sé fjarlæggt. Sprautur og nálar sem finnast ber að fjarlægja samkvæmt [leiðbeiningum frá landlækni um meðferð á notuðum sprautum og nálum](#).
- **Leiktæki:** Skoða þarf leiktæki til að kanna hvort þau séu brotin eða skemmd. Ef skemmdarverk hafa verið unnin á þeim er mikilvægt að það sé tilkynnt strax til viðeigandi aðila sem sér um viðgerð á leiktækjum. Ef ekki tekst að lagfæra tækin þarf að girða þau af þannig að börn komist ekki að þeim.
- **Undirlag:** Skoða þarf undirlag undir tækjum. Ef möl er notuð sem fallundirlag skal kanna hvort borist hafi grjót, timbur eða annað í mölina og fjarlægja það strax sé þess þörf, annars virkar öryggisundirlagið ekki ef barn fellur úr tækinu. Þar sem möl er notuð sem öryggisundirlag myndast oft hola t.d. undir rólum. Til að öryggisundirlagið virki þarf að raka mölina reglulega.
- **Gangstéttir:** Sópa þarf gangstéttir. Laus möl sem berst upp á gangstéttir er hættuleg og getur valdið slysi hjá börnum, foreldrum og starfsfólki.
- **Vatnssöfnun:** Kanna þarf hvort vatn hafi safnast fyrir á lóðinni. Ef rekja má vatnssöfnun til stíflaðs niðurfalls skal tilkynna það til þeirra sem sjá um viðhald á lóðinni og girða svæðið af þar til búið er að laga niðurfallið. Gæta þarf þess að börn séu aldrei ein að leik við polla. Börn undir 4 ára geta drukknað í 2-5 cm djúpum polli. Það tekur barn einungis eina og hálfu mínútu að drukkna við slíkar aðstæður.

7 Öryggi í ferðum á vegum leikskóla

Leikskólar þurfa að móta sér skýrt verklag um undirbúning og framkvæmd ferða utan leikskólans, til að tryggja öryggi barna í ferðum á þeirra vegum, þar sem meðal annars er hugað að fjölda barna og starfsmanna. Vinna þarf að skipulagningu ferða í góðu samstarfi við foreldra þannig að þeir viti t.d. hvert förinni er heitið, dagskrá og tilgang ferðarinnar og hvaða búnað börnin þurfa að hafa meðferðis. Foreldrar bera ábyrgð á að börnin séu klædd eftir veðri og aðstæðum. Gott verklag er að óska skriflegs samþykkis foreldra fyrir þátttöku barna í ferðum á vegum leikskólans.



Þegar ferðir eru skipulagðar þarf að gæta þess að ekki sé farið með börn á staði sem þau ráða illa við sökum aldurs eða þroska eins og í fjallgöngur eða á svæði sem þau eiga mjög erfitt með að fara um. Mikilvægt er að tryggja að börn verði aldrei viðskila við starfsfólk leikskóla í ferðum. Mikilvægt er að starfsmenn hafi gsm síma með í ferðalögum á vegum leikskóla.

Tillaga að [skipulagi við undirbúning ferða á vegum leikskóla](#) er í viðauka.

7.1 Strætisvagna- og rútuferðir

Kaflinn um „Öryggi í ferðum á vegum leikskóla“ gildir einnig í strætisvagna- og rútuferðum.

Rútuferðir þarf að skipuleggja í samráði við foreldra. Tryggja þarf að í bifreiðinni sé viðeigandi öryggisbúnaður. Mikilvægt er að tryggt sé eitt sæti fyrir hvert barn þannig að öll börn geti notað viðeigandi öryggisbúnað eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Í [reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007](#) er að finna allar upplýsingar um hvernig tryggja skuli börnum öryggi í ökutækjum.

Ef um skólaakstur leikskólabarna er að ræða gilda sömu reglur. Einnig gilda [reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009](#).

Tillaga að [verklagi við strætisvagnaferðir](#) er í viðauka:

7.2 Bátsferðir

Kaflinn um „Öryggi í ferðum á vegum leikskóla“ gildir einnig í bátsferðum.

Skipuleggja þarf bátsferðir tímanlega og kanna hvort viðkomandi bátur hafi leyfi til fólksflutninga en slíkir bátar og skip þurfa að vera með viðeigandi öryggisbúnað og fyrir hámarksfjölda farþega. Afla þarf samþykkis foreldra fyrir slíkum ferðum.

Þegar farið er um borð eða frá borði er æskilegt að fylgja [tillögum um verklag við strætisvagnaferðir](#). Við komu um borð í skipið eða bátinn skal sá sem er ábyrgðarmaður í ferðinni kynna sér hvar björgunarbúnað er að finna og kanna rýmingaráætlun.

7.3 Sundferðir

Ákveði leikskóli að fara í sundferðir með leikskólabörn þarf að skipuleggja þær í samvinnu við foreldra og með öryggi barnanna að leiðarljósi. Fara skal eftir [reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010](#). Þar segir meðal annars að starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar og sundþjálfarar skuli hafa náð 18 ára aldri og hafa staðist hæfnispróf samkvæmt III. viðauka reglugerðarinnar. Þetta ákvæði gildir fyrir sundferðir allra skólastiga. Þar kemur einnig fram að til að auðvelda kennara eða ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni skuli hópar barna sérstaklega auðkenndir með áberandi lit á sundhettum, armböndum, vestum eða á annan sambærilegan hátt.

7.4 Akstur með börn í bílum starfsmanna

Sveitarfélög ættu að setja sér reglur um hvort starfsmönnum sé heimilt að aka barni í eigin bíl eða ekki þegar minniháttar slys verða og barn þarfnast aðhlynningar og ekki næst í foreldra/forsjáraðila. Ef slíkt er heimilað skal gengið úr skugga um að réttar tryggingar séu fyrir hendi. Einnig þarf að gæta þess að barnið noti viðeigandi öryggisbúnað samkvæmt [reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007](#).

Starfsmaður leikskóla ætti aldrei að vera einn þegar hann ekur barni til aðhlynningar heldur ætti annar starfsmaður að vera með í för til að sinna barninu þannig að ökumaður geti einbeitt sér að akstrinum.

Í þeim sveitarfélögum sem heimila starfsfólki ekki að aka börnum í eigin bíl á heilsugæslu eða slysadeild þarf að hringja eftir leigubíl. Þau sveitarfélög sem eru með slíkar reglur ættu að ganga úr skugga um að bílarnir hafi viðeigandi öryggisbúnað sem hæfir aldri barna hverju sinni.

8 Slys

Í [lögum um landlækni nr. 41/2007](#) segir að hann skuli, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávisanir, fæðingar og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustunnar. Formleg skráning í [Slysaskrá Íslands](#) hófst 1. október 2001. Slysaskrá Íslands inniheldur upplýsingar um slys með meiðslum og upplýsingar um eignatjón í umferðaróhöppum. Einungis eru skráðar lágmarksupplýsingar um slysið sjálft, slasaða einstaklinga og ökutæki.



Hægt er að skoða tölur um fjölda slasaðra eftir aldri og kyni á vefsíðu [Embættis landlæknis](#).

Hér á landi verða alvarlegustu slysin á eða við heimili barna og má þar nefna að alvarlegustu brunaslysin verða á eða við heimili barna á leikskólaaldri.

8.1 Að hefja skyndihjálp og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur

Starfsfólk leikskóla hefur ekki heimild til að meðhöndla áverka, slíkt er í höndum lækna og hjúkrunarfræðinga og þeirra sem öðlast hafa til þess sérstakt leyfi. Hlutverk starfsfólks leikskóla, þegar slys ber að höndum, er að greina, koma í veg fyrir frekara líkamlegt tjón og koma barni til læknis en það er skilgreint sem skyndihjálp. Á vefsíðunni [skyndihjalp.is](#) sem er á vegum Rauða kross Íslands má finna stuttar og hagnýtar leiðbeiningar fyrir almenning um hvernig bregðast megi við ýmsum slysum og veikindum. Leiðbeiningarnar henta vel þegar rifja skal upp aðferðir skyndihjálpar, t.d. þegar komið er að umferðarslysi, einstaklingi sem hefur hlotið áverka á höfði, beinbrot eða hjartaáfall.

Hafa ber í huga að:

- Skyndihjálp er veitt út frá mati á ástandi barnsins og því haldið áfram þangað til sjúkrabíllinn er kominn.
- Í þeim tilfellum þar sem viðkomandi ræður ekki einn við að veita skyndihjálp óskar hann eftir aðstoð nærstaddra.
- Þegar enginn er til aðstoðar, verður viðkomandi að reyna sitt besta og bíða rólegur þangað til sjúkrabíllinn kemur.

8.2 Að koma ró á svæðið - Hinn slasaði gengur alltaf fyrir

Þegar alvarlegt slys verður í leikskóla eða í ferðum á vegum hans er ekki óeðlilegt að það myndist ringulreið meðal starfsfólks og barna. Til að draga úr líkum á að slíkt ástand skapist er mikilvægt að leikskólar hafi virka viðbragðsáætlun og æfi hana reglulega.

8.3 Fyrstur á slyssað

Mikilvægt er að sá sem kemur fyrstur á slyssað taki yfir stjórnina hafi hann lokið námskeiði í skyndihjálpi, ef ekki kallar hann til næsta yfirmann. Auk þess þarf hann að:

- Meta ástand þess slasaða út frá sinni kunnáttu í skyndihjálpi.
- Afla upplýsinga frá hinum slasaða eða vitnum.
- Meta hvort hringja á í **Neyðarlínu 112**.

- Veita skyndihjálþ.
- Meta hvort þörf sé á aðstoð annarra starfsmanna.

8.4 Fjögur skref skyndihjálpar

- Tryggja öryggi og koma þannig í veg fyrir frekara slys.
- Meta ástand hins slasaða til að greina hvort um lífshættulegt ástand er að ræða eða ekki. Aðstæður á vettvangi og umkvartanir slasaðra gefa strax góða mynd af ástandinu.
- Kalla til hjálþ, hringja í **Neyðarlínuna 112**.
- Veita viðeigandi skyndihjálþ á rólegan og yfirvegaðan hátt.

8.5 Greiningarstig áverka

Lægsta stig: Minniháttar skrámur og skurðir sem ekki þarfnast meðferðar á heilsugæslustöð eða á slysideild. Sár sem starfsmaður má meðhöndla og setja á einfaldar umbúðir. *Dæmi: grunnt klór, kæling á kúlu, skolun á sandi úr auga.*

Miðstig: Áverki sem starfsmaður metur að þarfnist meðferðar á heilsugæslustöð eða slysideild. Áverkinn er þess eðlis að foreldrar/forsjáraðilar geta farið með barnið á heilsugæslustöð, til tannlæknis eða á slysideild. *Dæmi: handleggsbrot, skurðir sem þarfnast saumaskapar, tannáverkar, heilahristingur.* Þó þessir áverkar þarfnist ekki í fyrstu **sjúkrabíls 112** geta þeir breyst í **alvarlegt stig** ef ástand barns versnar skyndilega. Það þarf starfsmaður að geta metið strax og hringt í **Neyðarlínuna 112**. Leiki vafi á alvarleika áverka skal kalla til sjúkrabíl.

Alvarlegt stig: Áverkar sem falla undir þetta eru t.d. stórir brunar, meðvitundarleysi vegna höfuðáverka eða annarra hluta, fótbroþ/lærbrot, aðskotahlutur í öndunarvegi, hjarta og öndunarstopp. Mikilvægt er að starfsmenn bregðist fumlaut við og meti alvarleika ástandsins **strax**, virki **viðbragðsáætlun**, hefji viðeigandi skyndihjálþarmeðferð og hringi strax í **Neyðarlínuna 112**.

8.6 Hringt á sjúkrabíl og sjúkrakassi sóttur

- Ef hringja þarf á sjúkrabíl er best að fá einhvern nærstaddan til að hægt sé að vera áfram hjá barninu, það veitir því öryggi.
- Í þeim tilfellum þar sem ástandið er lífshættulegt (hjarta- og öndunarstopp, meðvitundarleysi eða köfnun) og enginn nærstaddur verður starfsmaður sjálfur að hringja í **Neyðarlínuna, 112**.
- Mikilvægt er að sá sem hringir geti gefið allar upplýsingar, **H-in 3** (Hvar? Hver? Hvað?).
- Ef nauðsynlegt er að nota gögn úr sjúkrakassa má biðja þann sem fór í símann að taka hann með á bakaleiðinni. Ef það þolir ekki bið er mikilvægt að annar nærstaddur sé sendur að ná í sjúkrakassann.

8.7 Hvernig á að hringja í Neyðarlínuna - 112

Það er grundvallaratriði að allir starfsmenn leikskólans kunni að hringja í Neyðarlínuna. Hér á landi er eitt neyðarnúmer fyrir sjúkrabíl, lögreglu og slökkvilið. Neyðarnúmerið er **112, EINN EINN TVEIR** en ekki *hundrað og tólf*.

Athugið að ef hringt er úr heimasíma birtist strax á skjá Neyðarlínunnar hvaðan er hringt þ.e.a.s. nafn leikskólans, heiti götu, hús- og póstnúmer hans. Ef hringt er úr farsíma kemur staðsetning símans ekki upp á skjá Neyðarlínunnar.

Mikilvægt er að sá sem hringir í **112** gefi þeim sem svarar yfirlit yfir ástandið á fyrstu 30 sekúndum samtalsins en það eru **H-in þrjú**:

- **H – HVAR** VARÐ SLYSIÐ? NAFN LEIKSKÓLANS, HEIMILISFANG OG NÁKVÆMARI STAÐSETNING Á BARNI (mikilvægt er að taka fram ef barnið er úti á lóð og þá hvar, sérstaklega þar sem lóðir eru stórar).
- **H – HVER** ER ÞAÐ SEM HRINGIR (kynna sig með fullu nafni og taka strax fram að verið sé að hringja úr leikskóla)?
- **H – HVAÐ** KOM FYRIR, ALDUR OG KYN, HVER ER LÍÐAN VIÐKOMANDI (dæmi: Hinn slasaði heitir Jón Jónsson og er 5 ára, hann féll úr rólu og er mögulega fótbrottinn).

8.8 Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað

Mikilvægt er að færa áhorfendur (börn) af svæðinu sem fyrst þannig að þeir þurfi ekki að horfa upp á hið slasaða barn.

Starfsfólk kannar hvaða börn urðu vitni að slysinu. Það þarf að tala sérstaklega við þau undir rólegum kringumstæðum og útskýra á sem einfaldastan hátt og út frá þroskaforsendum þeirra hvað gerðist, hvert var farið með þann slasaða (ef við á) og hver var útkoman. Útskýra þarf fyrir öllum börnum leikskólans það sem gerðist. Mikilvægt er að öll börn fái réttar upplýsingar hjá hinum fullorðnu. Lítil börn túlka hluti eins og þau sjá þá en niðurstaða túlkunar þeirra er oft röng og ekki er óeðlilegt að þau verði hrædd vegna þess sem þau horfðu upp á og skilja ekki. Því er mikilvægt að allt starfsfólk leikskólans sé meðvitað um þetta og taki strax á málum til að draga úr hræðslu þeirra.

- Tryggja þarf að ekkert barn telji sig ábyrgt fyrir því sem gerðist og sitji uppi með sektarkennd. Ábyrgðin er alltaf hjá hinum fullorðnu.
- Í þeim tilfellum þar sem um lífshættulega áverka er að ræða og tvísýnt er um útkomu hjá slasaða barninu er mikilvægt að fá inn aðila sem uppfyllir öll skilyrði um áfallahjálp. Þetta er sérstaklega mikilvægt í þeim tilfellum þar sem börn láta lífið.
- Ef slasaða barnið er fjarverandi í einhvern tíma er mikilvægt að leyfa félögum þess í leikskólanum að fylgjast með framvindu mála. Það er einnig mikilvægt fyrir hið slasaða barn að vera í samskiptum við skólann sinn og félagi með bréfasendingum eða öðrum hætti.
- Í þeim tilfellum þar sem kallaður hefur verið til sjúkrabíll er algengt að lögregla komi einnig með. Það getur valdið ótta hjá börnum, því eru allar útskýringar til barnanna nauðsynlegar. Ef því verður við komið er æskilegt að lögreglan komi inn á deild til barnanna og kynni sig og spjalli við þau.
- Mikilvægt er að láta foreldra vita áður en þeir sækja börn sín að kalla hafi þurft til sjúkrabíll og skýra frá helstu staðreyndum. Börn vilja gjarnan tala um það sem þau hafa upplifað og því mikilvægt að foreldrar hafi réttar upplýsingar til að geta rætt við börn sín og hjálpað þeim að jafna sig á því sem þau upplifðu.

8.9 Tilkynning til foreldra um slys á barni

Mikilvægt er að skólar setji sér verklagsreglur um tilkynningar til foreldra um slys á barni.

8.9.1 Slys sem ekki eru talin lífshættuleg

- Öll slys sem ekki eru talin lífshættuleg t.d. beinbrot og skurðir eru tilkynnt beint til foreldra af starfsmönnum leikskólans. Æskilegt er að deildarstjóri barnsins eða leikskólastjóri sjái um að hringja í foreldra.
- Mikilvægt er að sá starfsmaður sem hringir viti nákvæmlega um ástand barnsins og hver viðbrögð leikskólans hafi verið fram að símtalinu, til dæmis hvort hringt hefur verið á sjúkrabíl eða leitað ráða hjá heilsugæslu.

Símtalið

- Sá sem hringir kynnir sig með nafni og segir hvaðan er hringt.
- Sá sem hringir á að vera rólegur og tala skýrt.
- Sagt er í stuttu máli frá því sem kom fyrir barnið og reynt að koma því strax til skila hvað sé að. Mikilvægt er að nota ekki sterk orð.
- Ef hringt hefur verið á sjúkrabíl er endað á að segja frá því og látið vita hvaða starfsmaður fór með barninu á sjúkrahús/heilsugæslu og hvert var farið.

8.9.2 Lífshættulegt ástand

Mikilvægt er að öll sveitarfélög setji sér verklagsreglur um tilkynningu til foreldra vegna alvarlegra og lífshættulegra slysa á börnum. [Tillaga að verklagsreglum sveitarfélaga er í viðhengi.](#)

Leikskólastjórum ber að kynna sér þær verklagsreglur sem gilda í sínu sveitarfélagi.

Ef ástand barnsins er lífshættulegt (barnið er í hjarta- og öndunarstoppi eða meðvitundarlaust) þarf að vinna samkvæmt verklagsreglum í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Æskilegt er að tilkynning til foreldra komi frá áfallateymi slysadeildar eða sambærilegu teymi á hverju svæði fyrir sig.

8.10 Eftir slys

Eftir að slys hefur átt sér stað er mikilvægt að fara yfir skráningar á slysinu og öryggisatriði skólans.

8.10.1 Skráning slysa í leikskólum

Mikilvægt er að öll slys sem verða á börnum í leikskólum séu skráð á tiltekið [slysskráningarblað](#). Skráning slysa er mikilvægur hluti af innra og ytra eftirliti leikskólans. Leikskólastjóri tekur saman í lok hvers árs hvar, hvenær og hvernig slys hafa átt sér stað og skoðar t.d. hvar hættur í leikskólanum er að finna eða hvort eftirlit starfsfólks með börnum sé fullnægjandi. Sveitarfélög ættu að taka saman yfirlit yfir slys í leikskólum árlega.

8.10.2 Hvenær á að skrá slys í leikskóla?

Öll slys þar sem barn hefur hlotið það mikinn áverka að það þarfnast meðferðar hjá tannlækni, slysadeild, barnaspítala, heilsugæslustöð eða hjá sérfræðingi, ber að skrá á slysskráningarblað.

Ekki er ástæða til að skrá alla áverka. Minniháttar áverka þar sem ekki er hætt á frekari afleiðingum þarf ekki að skrá eins og kúlu á enni, skrámur, grunnt klór og skolun á sandi úr auga.

Í þeim tilfellum þar sem leikskólastjóri óskar eftir því að slys sé skráð skal það gert.

8.10.3 Að hverju þarf að gæta þegar skráð er?

Mikilvægt er að við skráningu á [slysaskráningarblaðið](#) sé skráð hver var endanlegur meðferðaraðili og hver áverkagreiningin var. Slysaskráningarblað þar sem þessar upplýsingar vantar er ekki fullgilt. Ef ekki er hægt að skrá það strax verður að biðja eftir að foreldri láti vita hver/hverjir meðferðaraðilar voru og hver endanleg sjúkdómsgreining var. Leikskólastjóri ber ábyrgð á verklagi um frágang þessara blaða og tryggir að þeim sé framfylgt.

8.10.4 Undirritun foreldra á slysaskráningarblaðið og afrit af því

Meginreglan er að foreldrar þurfa ekki að kvitta á slysaskráningarblöðin nema þar sem sveitarfélög hafa sett um það reglur að svo skuli vera. Hins vegar er nauðsynlegt að foreldri kvitti á slysaskráningarblaðið í þeim tilfellum þar sem starfsmaður leikskóla hefur metið áverkann á þann hátt að það þurfi að fara með barnið til læknis/hjúkrunarfræðings en foreldri ákveður að fara ekki eftir þeim tilmælum. Er þetta gert til að tryggja að ekki verði hægt að koma síðar og halda því fram að starfsmenn leikskólans hafi ekki áttað sig á alvarleika áverkans. Það getur til dæmis verið í tilfalli þar sem barn hefur fengið gat á höfuðið og starfsmaður leikskólans hefur hringt í foreldri og óskað eftir því að farið sé með barnið á slysadeild. Við komu foreldris í leikskólann ákveður það að fara ekki með barnið heldur býr um sárið sjálf (í leikskólanum eða heima). Þetta er mikilvægt að skrá þar sem meðferðin var í höndum foreldris og aukaverkanir geta komið fram í sárinu síðar. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að fá undirskrift foreldra á skráningarblaðið. Dæmi um texta sem foreldrar eru beðnir um að skrifa neðst á skráningarblaðið: „Ég undirrituð móðir/faðir barnsins (nafn barns) hef tekið þá ákvörðun að fara ekki eftir tilmælum leikskólans um aðhlyningu fyrir barnið á slysadeild eða heilsugæslu.“ Viðkomandi undirritar með dagsetningu, nafni og kennitölu.

Ekki er gert ráð fyrir því að foreldri fái sjálfkrafa afrit af slysaskráningarblaðinu nema reglur sveitarfélagsins kveði á um það. Foreldrum er heimilt að skoða blaðið og fá afrit af því.

Slysaskráningarblaðið er trúnaðarmál og má því ekki afrita né afhenda það öðrum en þeim sem hafa heimild til að skoða það s.s. heilbrigðiseftirlitinu sem ber að skoða þessi blöð til að kanna fjölda slysa og ástæður þeirra sem hluta af sínu ytra eftirliti. Ef beðið er um skráningarblaðið af öðrum þarf leyfi foreldra. Tilgangur beiðinnar þarf að vera skýr, s.s. ef verið er að vinna rannsóknir. Mikilvægt er að einungis þeir sem uppfylla allar kröfur um rannsóknarheimildir og meðferð persónuupplýsinga fái aðgang að slysaskráningarblöðum í rannsóknarskyni.

8.10.5 Hvað er gert við slysaskráningarblöðin?

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að slysaskráningarblöð séu varðveitt og aðgengileg á meðan barnið dvelur þar. Við útskrift þess skal leikskólastjóri sjá til þess að blaðið fari í varðveislu í skjalasafni sveitarfélagsins eða til þess einstaklings sem varðveitir skjalasöfn einkarekinna leikskóla. Slysaskráningarblöðin þurfa að vera aðgengileg ef foreldrar eða barnið sjálf þurfa á þessum upplýsingum að halda síðar á lífsleiðinni samkvæmt lögum um [þjóðskjalasafn nr. 66/1985](#).

8.11 Lögregluskýrsla

Ef alvarlegt slys verður í leikskóla eða slys sem veldur barni áverka sem hugsanlega getur tekið sig upp síðar á ævinni er mikilvægt að gera lögregluskýrslu. Lögregluskýrsla greiðir fyrir afgreiðslu hjá tryggingarfélagum. Skýrslan er varðveitt hjá lögreglu. Leikskólastjóri getur óskað eftir afriti af henni ef þörf krefur.

Í þeim tilfellum sem hringt er á sjúkrabíl kemur lögregla oftast með. Lögregla biður um ýmsar upplýsingar tengdar slysinu. Það er ekki lögregluskýrsla heldur skýrsla vegna útkalls sjúkrabíls; því þarf að fá lögreglu á staðinn til að gera sérstaka lögregluskýrslu um atvikið eða biðja um að hún sé gerð samhliða skýrslu vegna útkalls sjúkrabíls. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að lögregluskýrsla sé gerð.

Hægt er að óska eftir því að hún sé gerð eftir á. Til að hægt sé að meta hvenær á að gera lögregluskýrslu þarf oft að bíða eftir að læknisskoðun hafi farið fram.

Ef gerð er lögregluskýrsla á að upplýsa foreldra og rekstraraðila um það.

8.11.1 Slys á börnum sem gera skal lögregluskýrslu um:

- Öll alvarleg slys t.d. áverkar á innri líffærum, drukknun, umferðarslys.
- Höfuðhögg. Heilahristingur, brot, umtalsverð blæðing, bjúgur eða annar alvarlegur áverki.
- Brunaslys. Ef meira en 8-10% af líkamanum er brenndur og sár eru djúp.
- Öll beinbrot. Sama hversu lítil þau virðast vera. Komi í ljós að grunur um beinbrot er ekki réttur og barnið hefur aðeins tognað illa þá er óþarfi að gera lögregluskýrslu.
- Tannáverkar. Alla áverka á tönnum þar sem staðfest er eða grunur er um að fullorðinstennur hafi skaddast.
- Augnáverkar. Allir alvarlegir augnáverkar t.d. skert sjón.
- Klemmuáverkar. T.d. fingur fer af eða hangir á húðþjötlu.

8.12 Endurskoðun öryggismála eftir slys

Eftir slys er mikilvægt að fara vel yfir það sem gerðist og kanna hvort unnt hefði verið að fyrirbyggja það.

Áður en farið er í slíka vinnu þarf að ganga úr skugga um að starfsfólk sem hlut á að máli eigi ekki um sárt að binda. Ef einhverjum starfsmönnum líður illa er mikilvægt að þeir fái viðhlítandi áfallahjálp áður en greiningarvinnan á sér stað.

Æskilegt er að árlega sé gerð skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði í leikskólanum sem byggir á áhættumati. Við áhættumat þurfa starfsmenn að vera vakandi fyrir umhverfi sínu með tilliti til slysavarna og bregðast við með viðeigandi hætti til að fyrirbyggja slys. Mikilvægt er að starfsmenn upplýsi leikskólastjóra um atvik sem túlka má sem „næstum því slys“ til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Dæmi: *Barn klifrar upp í bókahillu. Bókahillan fellur frá vegg með barninu áhangandi. Starfsmönnum tekst að grípa hilluna og forða því að hún falli yfir barnið og mögulega slasi það.*

Í mörgum tilvikum alvarlegra slysa í leikskólum eru engin vitni og því liggja ekki alltaf fyrir upplýsingar um atburðinn. Til að koma í veg fyrir slíkt er mikilvægt að:

- Gera áhættumat á öllum svæðum leikskólans bæði inni og úti.
- Gera teikningu af lóðinni og gera áhættumat þar sem öll falin og hættuleg svæði eru skilgreind og merkt.
- Tryggja að mönnun sé í samræmi við áhættumat og að starfsmenn hafi yfirlit yfir öll svæði skólans þar sem börn eru, bæði úti og inni.
- Ef starfsmaður þarf að víkja frá því svæði sem hann einn hefur yfirsýn yfir gerir hann öðrum viðvart til að tryggja gæslu allra svæða.
- Fara yfir allar aðstæður og verkferla þegar alvarleg atvik eiga sér stað og ræða ábyrgð starfsmanna. Ræða þarf hvað gerðist, hvernig var staðið að öryggismálum, t.d. hvers vegna ekki var starfsmaður á slysstað (ef við á) og ákveða hvernig verkferlum verði breytt til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.
- Tryggja að allir starfsmenn þekki áhættumatið og verkferla því tengda.

8.13 Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys

Þegar niðurstöður könnunar á slysi liggja fyrir er mikilvægt að leikskólastjóri bjóði foreldrum barnsins sem slasaðist viðtal. Í viðtalinu er farið yfir athugun leikskólans á tildrögum slyssins og hvað leikskólinn hyggst gera í framhaldinu. Með því að fara yfir það sem gerðist með foreldrum og að segja þeim frá hvað gert hefur verið í kjölfarið eykst öryggistilfinning foreldra og traust þeirra til leikskólans. Því er mikilvægt að halda ekki upplýsingum sem skipta máli frá foreldrum.

Leikskólastjóri þarf að hafa allar upplýsingar um málið áður en hann tjáir sig um það.

Mikilvægt er að sveitarfélög/rekstraraðilar setji sér verklagsreglur um framkvæmd viðtala eftir alvarleg eða lífshættuleg slys.

8.13.1 Foreldraráð og foreldrafélag

Mikilvægt er að foreldrum, foreldraráði og foreldrafélagi sé tilkynnt um stöðu öryggismála í leikskólanum og að foreldraráði sé greint frá alvarlegum atvikum sem upp koma. Eftirlitsskýrslur heilbrigðiseftirlits ættu að vera aðgengilegar fyrir foreldra.

8.14 Tilkynning á slysi - Hvert ber að tilkynna?

Mikilvægt er að ákveðin slys sem verða á börnum í leikskóla séu tilkynnt til þeirra aðila er málið varðar. Þau slys sem þarf að tilkynna eru skilgreind í kaflanum: [Slys á börnum sem gera þarf lögregluskýrslu fyrir](#).

8.14.1 Tilkynning til rekstraraðila

Tilkynna á öll slys til rekstraraðila til að tryggja að þeir hafi yfirlit yfir öll meiriháttar slys og geti gert viðeigandi ráðstafanir. Rekstraraðilar bera ábyrgð á því að öryggi barna sé tryggt. Rekstraraðili er auk þess ábyrgur fyrir fjármálum og því mikilvægt fyrir hann að hafa þessar upplýsingar t.d. þegar hann undirbýr fjárlög. Þetta ætti einnig að hjálpa honum í forgangsöröðun viðhalds.

Mikilvægt er að verkferlar varðandi tilkynningar til rekstraraðila og þeirra sem hafa eftirlit með húsnæði og leiksvæðum á vegum rekstraraðila séu skýrir þannig að leikskólastjóri viti hvert hann á að tilkynna slys. Verkferlarnir og gerð þeirra er á ábyrgð rekstraraðila.

Yfirlétt er ákveðnum starfsmanni í sveitarfélaginu falið eftirlit með starfsemi leikskólans. Ef um einkarekna leikskóla er að ræða eða leikskóla sem starfræktir eru af félagasamtökum er almennt ákveðinn aðili skipaður til að vera í samstarfi við leikskólastjóra um almennan rekstur.

8.14.2 Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags veitir leikskóla starfsleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Starfsleyfisskilyrðin taka m.a. á öryggi og slysavörnum, húsnæði og búnaði, leikföngum, lóð, leikvallatækjum og leiksvæði, skráningu slysa og reglubundnu innra eftirliti. Sjá nánar [Starfsleyfisskilyrði fyrir leikskóla og grunnskóla](#) á vef Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gerir árlega athugun á að kröfum um öryggi sé framfylgt og að reglubundið innra eftirlit hafi farið fram.

Ef rekja má slys til vanbúnaðar/bilunar á húsnæði, lóð eða öðrum þáttum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum leikskóla skal tilkynna viðkomandi heilbrigðiseftirliti um slysið. Hægt er að senda tilkynningu rafrænt á vef [Umhverfisstofnunar](#) en einnig má senda þeim afrit af slysskráningarblaði.

8.14.3 Tilkynningar til tryggingafélaga

Mikilvægt er að leikskólastjóri hafi upplýsingar um hvar leikskólinn er tryggður og yfirlit yfir þær tryggingar sem samningar liggja fyrir um. Sérstaklega er það mikilvægt þegar kemur að slysatryggingum barna. Í þeim tilfellum þar sem slys á barni er þess eðlis að gera þarf [lögregluskýrslu](#) þarf að tilkynna slysið til viðkomandi tryggingafélags. Um er að ræða þau tilfelli þar sem eftirmál geta orðið vegna slyssins og því nauðsynlegt að slysatilkynning sé skilvirk til að réttindi barns séu tryggð síðar.

Einnig getur þurft að tilkynna til tryggingafélags af öðrum ástæðum. Dæmi: Barn er flutt með sjúkrabíl vegna gruns um fótbrot. Í ljós kemur að barnið hefur tagnað og því ekki um alvarlega áverka að ræða og því ekki nauðsynlegt að gera lögregluskýrslu. Nauðsynlegt getur verið í þessu tilfelli að tilkynna atvikið til tryggingarfélagsins vegna tryggingarmála.

9 Almannaþarnir og eldvarnir

Almannaþarnir snúast um það skipulag og stjórnerfi sem er virkjað á hættustundu. Samkvæmt 1. gr. [laga um almannaþarnir nr. 82/2008](#) er markmið þeirra að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem unnt er að

- Almennir verði fyrir líkams- eða heilsutjóni
- Umhverfi og eignir verði fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum
- Veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns, sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.



Lögin taka til samhæfðra almannaþarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum.

Sveitarfélög fara með almannaþarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið. Stjórn almannaþarnamála í hverju lögsagnarumdæmi er í höndum lögreglustjóra sem hefur almannaþarnanefnd sér til fulltingis. Alls eru 15 umdæmi lögreglustjóra í landinu. Lögreglustjóri fer einnig með stjórn leitar og björgunar í sínu umdæmi.

Mikilvægt er að upplýsingar um viðbrögð við eldvörnum og náttúruvá séu til staðar í leikskólanum og þær séu skýrar. Leikskólastjóri setur upp viðbragðsáætlun fyrir sinn skóla og skal fylgja fyrirætlun almannaþarnanefnda á hverjum stað fyrir sig.

Sjá nánari upplýsingar á www.almannaþarnir.is

9.1 Rýming

Ef lögreglustjóri gefur út fyrirætlun um rýmingu er öllum sem staddir eru í leikskólanum skylt að rýma bygginguna. Almannaþarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð og halda skráningu um dvalarstaði fólks þar til því er heimilt að fara til síns heima.

Mikilvægt er að allir leikskólar geri ítarlega rýmingaráætlun þar sem ábyrgð og verkefni starfsmanna við rýmingu leikskólans eru skilgreind.

Tillaga að viðbragðsáætlun leikskóla við rýmingu:

1. Starfsmenn hjálpa börnunum að yfirgefa byggingu gegnum næsta neyðarútgang og safnast saman á fyrirfram ákveðnum stað.
2. Einn starfsmaður er ábyrgur fyrir stjórnun rýmingar sem meðal annars felur í sér að:
 - a. Virkja „viðbrögð við vá“.
 - b. Sjá til þess að hringt er í 112.
 - c. Hafa nafnakall eftir lista á söfnunarstað.

9.2 Eldvarnir

Eldvarnirnar miða fyrst og fremst að því að tryggja líf og heilsu barna og starfsmanna. Eldvarnir geta einnig dregið verulega úr tjóni á eignum.

Eftirfarandi atriði eiga að vera til staðar og í lagi:

- **Reykskynjarar.** Nægjanlega margir og rétt staðsettir.
- **Þekking** á fyrstu viðbrögðum.
- **Flóttaleiðir**, nægilega margar, greiðfærar og teiknaðar á blað.
- **Slökkvibúnaður** af réttri gerð og rétt staðsettur.

Til að tryggja rétt viðbrögð þarf að huga að virkri umræðu í starfsmannahópnum um brunavarnir og viðbragðsáætlun ásamt reglulegum brunaæfingum meðal starfsmanna og barna.

Eldvarnareftirlitið mælir með að farið sé eftir leiðbeiningum um eldvarnir heimilisins í leikskólum. Sjá vef [slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins](#).

9.3 Náttúruvá

Íslendingar hafa oft þurft að takast á við óblíð náttúruöflin og hættulegar afleiðingar þeirra. [Eldgos](#) með tilheyrandi hraunrennsli, öskufalli og jafnvel jökulhlaupi, [aurskriður](#), sjávarflóð og [snjóflóð](#), [jarðskjálftar](#), [óveður](#) og kuldi hafa bæði valdið manntjóni og fjárhagsskaða.

9.3.1 Loftgæði og svifryk

Á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#) eru upplýsingar um loftgæði og svifryk. Þar er einnig að finna upplýsingar um mælingar á svifryki.

Áhrif svifryks á heilsu fólks eru að miklu leyti háð stærð agnanna. Fínar agnir eru heilsufarslega mun hættulegri en þær grófu en agnir minni en 10 µm eiga auðveldara með að ná djúpt niður í lungun og geta því safnast þar fyrir.

Það sem getur leitt til aukins styrks svifryks er t.d.:

- Þegar það er stilla og þurrt í lofti, einkum á köldum vetrardögum, þá getur mengun safnast upp þar sem ekki er mikil hreyfing á loftinu.
- Mikil umferð og þá helst við stórar umferðaræðar og nálægt verksmiðjum.
- Mikið rok en þá er aðallega mikið um uppfok á ögnum frá jarðvegi og umhverfi.

9.3.2 Eldingar

Hætta á eldingum getur skapast við þrumuveður og eldgos. Eldingahætta frá gjósandi eldstöð er mest í gosmekkinum sjálfum og getur náð í allt að 30-40 km undan vindi frá eldstöðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

9.3.3 Fárviðri

Það telst færviðri þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek, sem jafngildir 64 hnútum (12 vindstig).

Ef [Veðurstofa Íslands](#) varar við veðri, skal taka það alvarlega. Sérstaklega ef varað er við miklum vindi, snjókomu, frostregni og/eða ofsakulda. Fylgjast skal með tilkynningum og/eða viðvörðunum sem kunna að vera gefnar.

Fylgja þeim leiðbeiningum almannavarnarnefndar sem gilda á svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

9.3.4 Jökulhlaup

Jökulhlaup stafa ýmist af eldgosum eða jarðhita undir jökli. Stærsta náttúruváin vegna jökulhlaupa hér á landi er vegna eldgoss í Kötlu í Mýrdalsjökli.

Vatnamælingar hafa þróað viðvörðunarkerfi vegna flóða sem eiga upptök í eldstöðvum og jarðhitakerfum undir jökli. Þegar hlutfall jarðhitavatns í jökulvatni hækkar, eykst leiðni. Ef leiðni eða vatnshæð fer yfir fyrirfram ákveðin mörk hringir mælirinn í síma Neyðarlínunnar 112. Neyðarlínan 112 sér um að kalla út vatnamælingamann sem metur ástandið.

Fylgja skal leiðbeiningum frá almannavarnarnefnd á svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

9.3.5 Flóðbylgjur

Flóðbylgjur eru mjög sjaldgæfar hér á landi en þær geta valdið miklu tjóni. Bylgjur geta myndast í kjölfar jarðskjálfta, jökulhlaupa og eldgosa. Einnig getur hrun í landgrunninum eða hrun í sjó fram orsakað flóðbylgjur. Flóðbylgjur hafa valdið skaða t.d. þegar snjóflóð hafa fallið í sjó fram í þröngum fjörðum á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Fylgja skal leiðbeiningum frá almannavarnarnefnd á svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

Að öðru leyti varðandi viðbrögð við náttúruvá vísast í sniðmát af viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar sem unnin voru af vinnuhópi sem skipaður var af Skólameistarafélagi Íslands í samvinnu við almennavarnadeild ríkislögreglustjóra og finna má á heimasíðu Menntamálastofnunar hér: <https://mms.is/rafraenar-handbaekur-um-oryggi-og-velferd-barna-i-leik-og-grunnskolum>

10 Áhugavert lesefni og viðaukar

10.1 Áhugavert lesefni

[Handbók um einelti og vináttufærni – forvarnir og viðbrögð](#). Útgefin af Heimili og skóla í nóvember 2017. Skv. fréttatilkynningu Heimilis og skóla í kjölfar útgáfu handbókarinnar segir að henni sé ætlað að verða viðbót við fyrri útgáfu bæklingis um einelti sem Heimili og skóli gáfu út 2009. Megináhersla handbókarinnar er á forvarnir, fróðleik og hagnýt ráð. Handbókin hentar foreldrum, fagfólki sem vinnur með börnum sem og börnunum sjálfum.

[Ofbeldi gegn börnum, hlutverk skóla](#). Höfundar: Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen.

[Ofbeldi á heimili með augum barna](#) er framlag til rannsókna á heimilisofbeldi, vanrækslu og misbeitingu gagnvart börnum og mæðrum og jafnframt innlegg í baráttu gegn þessu alvarlega þjóðfélagsmeini, eins og segir á bakhlið bókarkápannar. Bókin byggir á ransókinni „Þekking barna á ofbeldi á heimilum“ sem unnin var hér á landi á árunum 2006-2013. Ritstjóri bókarinnar er Guðrún Kristinsdóttir auk hennar voru í rannsóknarhópnum Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Margrét Sveinsdóttir, Nanna Þ. Andrésdóttir og Steinunn Gestsdóttir. Umfjöllun um báðar bækurnar má sjá [hér á vefsíðu Krítarinnar](#).

10.2 Viðaukar

Viðaukar sem fara hér á eftir eru hugsaðir sem tillaga eða grunnur að vinnuferlum skóla, skráningarblöðum eða spurningalistum. Hver skóli vinnur sína eigin vinnuferla, skráningarblöð og spurningalista út frá þörfum skólans og þeim aðstæðum sem ríkja í umhverfi hans.

10.3 Tillaga að gátlista fyrir deildarstjóra vegna eineltismáls

Hér er átt við einn eða fleiri þolendur og gerendur og gert ráð fyrir að brugðist sé við gagnvart öllum.

Deildarstjóri: _____

Tilkynning vegna gruns um einelti berst _____ dags. _____

Einelti er staðfest já nei dags. _____

Ef merkt er við nei skal deildarstjóri láta foreldra þolanda og gerenda ásamt skólastjórnendum vita.

Ef merkt er við já er málinu fylgt eftir með eftirfarandi hætti:

Málið tilkynnt til skólastjóra	<input type="checkbox"/>	dags. _____
Haft samband við foreldra þolanda	<input type="checkbox"/>	dags. _____
Haft samband við foreldra geranda	<input type="checkbox"/>	dags. _____
1. Fundur haldinn með foreldrum þolanda	<input type="checkbox"/>	dags. _____
Fundargerð skráð eftir fund	<input type="checkbox"/>	dags. _____
2. Fundur haldinn með foreldrum geranda	<input type="checkbox"/>	dags. _____
Fundargerð skráð eftir fund	<input type="checkbox"/>	dags. _____
3. Foreldrafundur deildar haldinn (ef þörf er)	<input type="checkbox"/>	dags. _____
4. Vinna með börnunum*	<input type="checkbox"/>	dags. _____
5. Rætt við aðra aðila ef þörf krefur	<input type="checkbox"/>	dags. _____
6. Rætt við foreldra til að upplýsa um þróun mála:		

Dags. _____ rætt við: _____

Dags. _____ rætt við: _____

* Vinna með börnum - til dæmis:

- | | |
|--|--|
| - Fræðsla um einelti | - Hvetja börnin til að bregðast við einelti. |
| - Samdar reglur gegn einelti. | - Þjálfva börnin í að sýna tillitssemi, sveigjanleiki og umburðarlyndi. |
| - Barnafundir þar sem rætt er um líðan, samskipti og hegðun. | - Ræða líðan barnanna á deildarfundum. |
| - Börnin þjálfuð í að tjá eigin tilfinningar og sjónarmið. | - Vinadeildir |
| - Reynt að auka samstöðu barnanna gegn einelti. | - Samkomulag milli foreldra um afmælisboð og aðrar samkomur innan deildar/skólans. |
| - Hlutverkaleikir til að auka upplifun barnanna og skilning á einelti. | |

10.4 Tillaga að viðbrögðum og vinnuferli starfsfólks leikskóla við samskiptavanda og einelti

Ef grunur vaknar um samskiptavanda/einelti í barnahópnum skal eftirfarandi ferli fylgt:

Alltaf skal bregðast samdægurs við og vinna eftir eineltisáætlun skóla, þessari vinnu á að vera lokið innan viku.

A. Rannsókn meðal nemenda og starfsfólks:

A.1 Byrjað er að kanna málið hjá starfsfólki og börnum öðrum en geranda og þolanda.

A.2 Vinnuferli í máli þolanda

Rætt við þolanda og foreldra þolanda. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

A.3 Vinnuferli í máli geranda

Rætt við geranda og foreldra geranda. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

B. Ef einelti er staðfest fer eftirfarandi vinna í gang:

B.1 Þolandi – Viðtöl við þolanda/þolendur ásamt foreldrum þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.

B.2 Gerandi – Viðtal við geranda ásamt foreldrum. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

B.3 Unnið með barnahópnum. Í framhaldinu er m.a. rætt um framkomu, samskipti og einelti. Unnið er markvisst að bættum samskiptum í barnahópnum meðal annars með því að skoða tengsl barnanna og unnið út frá niðurstöðum.

C. Eftirfylgni, ekki seinna en viku frá síðustu viðtölum:

Deildarstjóri verður áfram í reglulegu sambandi og skráir niður hvernig gengur.

C.1 Þolandi – Foreldrar þolanda eru látnir vita um gang mála.

C.2 Gerandi – Foreldrar geranda eru látnir vita um gang mála.

C.3 Skipulagður stuðningur er veittur í a.m.k. 6 mánuði bæði til geranda og þolanda.

10.5 Tillaga að skráningu á úrvinnslu eineltismála

Nafn þess sem tók að sér umsjón málsins:

Dagsetning: _____

Hvað var gert í málinu?

Málalok:

10.6 Grunnur að matsblaði á námi og starfi - Kennarar

Nafn leikskóla	algjörlega sammála	sammála	hvorki né	ósammála	algjörlega ósammála
Kennsluhættir miðast við að komið sé til móts við þarfir hvers og eins.					
Fjölbreytni í námi stuðlar að andlegri og líkamlegri styrkingu allra barna.					
Námsaðstoð er miðuð við að allir geti stundað nám á eigin forsendum og njóti leikskóladvalar sinnar.					
Markvisst er unnið með að efla sterkar hliðar barna til að auka vellíðan þeirra og hæfni til að takast á við ný verkefni.					
Aðstoð og stuðningur á deild er miðaður við að koma til móts við þarfir hvers og eins.					
Sérkennsla er nægjanleg til að fullnægja ákvæðum um aðstoð og vegna sérþarfa barna.					
Aðgengi er jafnt fyrir fatlaða sem ófatlaða.					
Öllum börnum eru tryggð námstækifæri í samræmi við ákvæði námskrár.					
Tekið er fullt tillit til þeirra barna er vegna máls, þjóðernis eða menningar mynda frávík í hópnum.					

10.7 Grunnur að matsblaði á námi og starfi - Allir starfsmenn

Nafn leikskóla	algjörlega sammála	sammála	hvorki né	ósammála	algjörlega ósammála
Það er sameiginlegur skilningur skólasamfélags, foreldra og grenndarsamfélags að styrkja sýn skólans um velferð nemenda.					
Virk stefna er innan skólans um öruggt og heilbriggt skólaumhverfi.					
Sérstök leiðsögn skólans er um að efla andlega og líkamlega velferð nemenda.					
Stefna er um aukna vellíðan fyrir starfsfólk skólans og starfsmanna annarra stofnana sem tengjast skólanum.					
Óskir nemenda eru hafðar að leiðarljósi við mótun stefnu um heilbriggt og öruggt skólaumhverfi og um heilsueflingu.					
Foreldrar og nemendur taka þátt í mótun stefnu um velferð nemenda og við endurmat.					
Virk forvarnarstefna er innan skólans.					
Öllum nemendum er skapað námsaðgengi óháð hugsanlegum félagslegum, andlegum eða líkamlegum kvillum eða fötlun.					
Stefna og verklagsreglur um velferð nemenda eru kynntar foreldrum sérstaklega, á kynningarfundum, í fréttabréfum og á vefsíðum skólans.					
Reglubundið mat fer fram á viðhorfum nemenda, heimila og grenndarsamfélags um líðan í skólasamfélaginu.					

10.8 Grunnur að matsblaði á námi og starfi - Foreldrar

	algjörlega sammála	sammála	hvorki né	ósammála	algjörlega ósammála	veit ekki
Komið er til móts við þarfir hvers og eins.						
Fjölbreytni í námi og starfi stuðlar að andlegri og líkamlegri styrkingu allra barna.						
Markvisst er unnið með að efla sterkar hliðar allra barna til að auka vellíðan þeirra og hæfni til að takast á við ný verkefni.						
Aðstoð og stuðningur á deild er miðaður við að koma til móts við þarfir hvers og eins.						
Sérkennsla er nægjanleg til að fullnægja ákvæðum um aðstoð vegna sérþarfa barna.						
Aðgengi er jafnt fyrir fatlaða sem ófatlaða.						
Öllum eru tryggð námstækifæri í samræmi við ákvæði námskrár.						
Tekið er fullt tillit til þeirra barna er vegna máls, þjóðernis eða menningar eru frávik í námshópi.						
Í skólanum er aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum.						
Foreldrar eru virkir í samstarfi við skólann í að vinna gegn einelti.						
Foreldrum eru kynnt helstu atriði eineltisáætlunarinnar.						
Foreldrar hafa komið að mótun jákvæðs skólabrags.						
Mér er umhugað um skólagöngu barns míns og skipti mér af.						
Ég met mikils að barni mínu líði vel í skólanum.						
Ég aðstoða barn mitt ef upp koma vandamál sem tengjast skólanum.						
Ég er fús til að setja mig í samband við skólann og kennarana.						

10.9 Grunnur að samtali kennara og nemenda um aðstæður í skólanum

	algjörlega sammála	sammála	hvorki né	ósammála	algjörlega ósammála
Deildirnar eru passlega stórar.					
Það er gott loft á deildunum.					
Aðstaða til að matast er þægileg.					
Það ríkir þægilegt andrúmsloft í matartímum.					
Námið og skipulagða starfið er passlega mikið.					
Kennslan og starfið er skipulagt.					
Reglur skólans eru réttlátar.					
Agakerfi skólans er réttlátt.					
Börnunum á minni deild líður vel saman.					
Okkur gengur vel að vinna saman (t.d. í hópavinnu).					
Börnin á deildinni hjálpast að (t.d. í hópavinnu).					
Félagar hjálpast að þegar vandamál koma upp.					
Börnin skakka leikinn ef barn verður undir.					
Félagarnir skipta sér markvisst að og segja frá ef einhver verður fyrir einelti.					
Ég á fleiri en einn góðan vin/fleiri en eina góða vinkonu í skólanum sem ég get leitað til.					
Félagarnir taka mér eins og ég er.					
Starfsmenn taka mér eins og ég er.					
Starfsmenn umgangast okkur á réttlátan hátt.					
Það er auðvelt að komast að sameiginlegri niðurstöðu með starfsmönnum.					
Flestir starfsmenn hafa áhuga á að vita hvernig manni líður.					
Flestir starfsmenn eru vingjarnlegir.					

10.10 Tillaga að skipulagi við undirbúning ferða á vegum leikskóla

- Einn starfsmaður er ábyrgðarmaður í ferðinni.
- Ábyrgðarmaður hefur lista yfir öll þau börn sem eru í ferðinni og upplýsingar um aðstandendur þeirra (t.d. afrit af [grunnupplýsingum um barn vegna slysa og bráðaveikinda](#)).
- Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á að ferðasjúkrakassi/ferðasjúkrabakpoki sé tekinn með í ferðina.
- Ábyrgðarmaður þarf að vita nákvæma staðsetningu hópsins hverju sinni ef upp koma veikindi eða slys til geta hringt í Neyðarlínuna 112 eða foreldra.
- Mikilvægt er að farsími sé með í för.
- Tryggja þarf að fjöldi starfsfólks sem fer með sé nægilegur.
- Tryggja þarf eftirlit með öllum börnum. Góð leið til þess er að hver starfsmaður sé ábyrgur fyrir ákveðnum hópi barna.
- Starfsmenn sem bera ábyrgð á ákveðnum börnum í ferðinni láta ábyrgðarmann vita að öll börnin séu til staðar áður en lagt er af stað í upphafi ferðar og á áningarstöðum.
- Mikilvægt er að börnin beri einhvers konar auðkenni, t.d. endurskinsvesti, þannig að auðveldara sé að fylgjast með hópnum.
- Huga þarf að því að börn séu rétt búin fyrir ferðina miðað við aðstæður og lengd ferðar.
- Huga þarf að sólarvörn fyrir börnin.
- Mikilvægt er að halda börnunum saman í hóp og tryggja að þau verði aldrei viðskila við starfsfólk leikskóla eða foreldra/forsjáraðila.

Gæta þarf að göngustígum, þar getur verið margvísleg umferð, bæði reiðhjóla og rafknúinna ökutækja sem og gangandi vegfarenda.

10.11 Tillaga að verklagi við strætisvagnaferðir

- Einn starfsmaður fer fremst og gætir að allri umferð sem kemur á móti hópnum.
- Einn starfsmaður fer síðastur og gætir að umferð sem ekur framhjá hópnum og hefur yfirsýn yfir allan hópinn.
- Aðrir fullorðnir (starfsmenn og foreldrar ef við á) eru staðsettir nær götunni til að koma í veg fyrir að barn hlaupi út á götu.
- Þegar farið er inn í strætisvagn fer einn starfsmaður inn á undan, tilkynnir bílstjóra hvert ferðinni sé heitið og finnur pláss fyrir börnin. Að því loknu fer næsti starfsmaður inn.
- Börnin ganga inn eitt af öðru og fá sér sæti með aðstoð starfsfólks sem er inni í vagninum. Annað starfsfólk bíður úti og sér til þess að börnin haldist í röðinni.
- Starfsmenn hjálpast að við að koma börnum í sæti eftir því sem kostur er. Leitast skal við að börnin setjist alveg upp í sætin en sitji ekki á brún þeirra. Ekki er æskilegt að fleiri en þrjú börn séu í hverjum tveimur sætum. Barn skal aldrei sitja í miðjusæti aftast í vagninum. Ef engin sæti eru laus er gott að nýta hjóla/kerrurými, láta börnin halda sér í eða jafnvel setjast á gólfíð.
- Einn starfsmaður fer inn allra síðastur eftir að hafa tryggt að öll börnin séu með í för.
- Gott er að starfsmenn dreifi sér og vakti útgöngudyr til að koma í veg fyrir börnin fari út á röngum stað.
- Þegar komið er á leiðarenda fer allt starfsfólkið út á undan börnunum að undanskyldum tveimur starfsmönnum sem mynda röð og beina hópnum út úr vagninum.
- Starfsfólk sem er fyrir utan vagninn tekur á móti börnunum og lætur þau mynda röð eins langt frá götunni og unnt er. Aðgát skal höfð þegar stigið er út úr vagninum.
- Eftir að hafa talið börnin og tryggt að þau séu öll komin út og að ekkert hafi gleymst í vagninum, t.d. föt eða nestispoki, fara síðustu tveir starfsmennirnir út úr vagninum.
- Gefa skal bílstjóra merki um að öll börn séu komin út.

10.12 Tillaga að slysaskráningarblaði fyrir leikskóla

Nafn barns	Nafn leikskóla
Fæðingardagur og ár	Kyn
Heimilisfang	Sími
Dagsetning slyss	Tími slyss
Tími frá komu barns í leikskóla	

Slysastaður

salur	leikskólalóð	Tegund leiktækis/leikfangs
fataherbergi	leiktæki/leikfang úti	
snyrting	á leið í/úr leikskóla	
leikskólaeldhús	ferðalag	
leiktæki/leikfang inni	vettvangsferð	Annað
leikskólagangur		

Slysa Valdur, tegund slyss

högg af/við hlut	eitrun	Annað
bruni	vélar/tæki	
íþróttir	eggjárn	
fall	umferðaslyss	
hras	áverki frá öðrum	

Skaddaður líkamshluti

höfuð	grindarbotn	Fótleggur
háls	handleggur	Hægri
hryggsúla	hönd	Vinstri
brjóst	lærleggur	Annað
kviður	hné	

Meiðsl

skrámur	bruni	Klemmdist
mar	tognun	Annað
skurður	brot	

Meðferð hjá

starfsmanni leikskóla	heilsugæslu	Annað
slysadeild	augnlækni	
tannlækni	foreldri	

Stutt lýsing á slysi

--

Dags. Undirskrift og kennitala starfsmanns

10.13 Tillaga að verklagsreglum sveitarfélaga um tilkynningu til foreldra vegna alvarlegra eða lífshættulegra slysa á börnum

- Starfsmaður leikskóla fer með barninu í sjúkrahús á slysadeild, sjúkrahús eða heilsugæslu.
- Leikskólastjóri í samráði við lögreglu tilkynnir foreldrum um slysið og leitað er til áfallahjálparteymis slysadeildar þegar um lífshættuleg slys er að ræða. Við innritun barns á slysadeild, sjúkrahús eða heilsugæslu greinir starfsmaður frá því hvort og hvernig slysið hafi verið tilkynnt til foreldra. Slysadeildin, sjúkrahúsið eða heilsugæslan sér um að senda aðila úr áfallahjálparteymi til foreldra sé þess þörf.
- Þegar ástand barns er lífshættulegt er ekki æskilegt að tilkynna slysið í gegnum síma, slíkt getur stefnt foreldrum í hættu.

10.14 Tillaga að eyðublaði vegna grunnupplýsinga um barn vegna slysa og bráðaveikinda

Nafn barns	Mynd af barninu
Móðurmál barns	
Kennitala barns	
Heimilisfang	heimasími
Faðir – nafn og móðurmál	gsm sími
Heimilisfang	heimasími
Vinnustaður (heiti hans, deild ef um flókinn vinnustað er að ræða og heimilisfang)	vinnusími
Móðir – nafn og móðurmál	gsm sími
Heimilisfang	heimasími
Vinnustaður (heiti hans, deild ef um flókinn vinnustað er að ræða og heimilisfang)	vinnusími
Nafn á þeim sem á að hafa samband við ef ekki næst í foreldra	gsm sími
Heimilisfang	heimasími
Vinnustaður (heiti hans, deild ef um flókinn vinnustað er að ræða og heimilisfang)	vinnusími

Er barnið með **ofnæmi**? Skráið allar þekktar tegundir ofnæmis.

Er barnið með greindan **sjúkdóm**? Skráið heiti sjúkdóms og nafn lækis sem annast barnið ef við á.

Tekur barnið **lyf** að staðaldri? Skráið öll lyf: heiti lyfs, magn og tímasetningu fyrir hverja inntöku.

10.15 Tillaga að gátlista um aðgerðaáætlun gegn ofbeldi, einelti og kynferðislegu áreiti

Verkefni	Staða:			
	ekki til	í vinnslu	til staðar	í endurskoðun
1. FORVARNIR				
Forvarnarstefnur gegn ofbeldi, einelti og kynferðislegu áreiti				
Kynning skólareglna				
Fræðsla, þjálfun og upplýsingamiðlun				
Símenntun starfsmanna				
2. VIÐBRÖGÐ				
Skráningarkerfi				
Tilkynningaferli				
Rannsókn á atvikum				
Gagnaskráning				
Kynning niðurstaðna				
Tilkynningar til barnaverndar				
3. ÚRLAUSN				
Ákvörðunarferli				
Endurhæfingarferli				
Brottrekstrarferli				
Lok agaverils				
Vinna með þolendur og gerendur				
Úrvinnsla erfiðra mála				
4. MAT				
Reglulegt endurmat				
Reglulegt mat á líðan nemenda				
Endurskoðun ferla				
Endurskoðun stefnu				

10.16 Viðbragðsáætlun - Viðbrögð við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum og fl.

Ritið inniheldur meginskipulag þegar vá ber að höndum. Athuga að ritinu má ekki breyta efnislega fyrir utan nauðsynlega aðlögun (nafn skóla, starfsheiti og fl.). Sérstaklega er vakin athygli á því að skýrt þarf að koma fram hverjir eru í neyðarstjórn skólans.

Sjá vefslóð að ritinu hér: <https://mms.is/rafraenar-handbaekur-um-oryggi-og-velferd-barna-i-leik-og-grunnskolum>

10.17 Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir - Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum.

Leiðbeiningarnar eru nánari útlistun um fyrstu viðbrögð við skilgreindri vá. Hver vá fyrir sig hefur verið yfirfarin af sérfræðingum á hverju sviði. Til dæmis hefur kaflinn um ofbeldi/hryðjuverk og sprengihótanir verið yfirfarin af sérsveit Ríkislögreglustjóra, kaflinn um sýkla af Embætti landlæknis o.s.frv.

Sjá vefslóð að ritinu hér: <https://mms.is/rafraenar-handbaekur-um-oryggi-og-velferd-barna-i-leik-og-grunnskolum>

Mikilvægt er að hver skóli fyrir sig uppfæri sínar verklagsreglur og/eða öryggishandbækur með tilliti til viðbragðsáætlunar og viðbragðsleiðbeininga